

SIRKUS

RVK

18. NÓVEMBER 2005 | 22. VÍKA

+ ALLT UM ESKIMO
OG FORD-FYRIR-
SÆTURNAR 2005

**HAFDÍS HULD - „GUS GUS VAR
UNGLINGAHLJÓMSVEITIN MÍN“
EYÞÓR GUÐJÓNS - HEFUR
PRÓFAÐ ALLT, NÚ HOLLYWOOD
ELÍSABET DAVÍÐS -
STELPURNAR BYRJA OF UNGAR
FRÓÐASTI PLÖTUSNÚÐURINN**




KR. 300

MALLA FYRIRSÆTA Í FRAKKLANDI

„FRAKKARNIR HAFA ENGA ÞOLINMÆÐI Í AÐ HLUSTA Á FRÖNSKUNA MÍNA“

WE PUT THE **S**
IN ACTION!



SKECHERS
FOOTWEAR

skór.is

KRINGLAN • SMÁRALIND

www.skor.is

ÞAR SEM ÞÚ FÆRÐ SKECHERS.

Ps. Við ábyrgjumst ekki ofangreind viðbrögð við kaup á Skechers skóm!

TROMMUSETT

Landsins mesta úrval af trommusetum og trommuvörum!



Premier



Premier Olympic
með stól og diskum
39.900,-

Heimspekt merki!

YAMAHA
DRUMS
100% HANDCRAFTED

SABIAN

Zildjian

TAMA

Premier

pdp

VIC FIRTH

...og fleiri!



KENNSLUEFNI

pdp



Pacific EZ
með diskum
36.500,-




ALLAR GERÐIR AF SLAGVERKI



SYMBALAR Í MIKLU ÚRVALI

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

JÓLIN ERU: AÐ FINNA Í SÉR BARNIÐ



Merkjabúð á tveimur hæðum

Komdu sjálfum þér og ástvinum á óvart. Í Debenhams er úrval af fatnaði og gjafavöru á verði sem kemur þér í jólaskap.

Herrann: Blaserjakkí 13.500 kr., 2.590 kr., bindi 3.590 kr., Esprit buxur 8.990 kr. Daman: Slá 5.990 kr., hattur 2.490 kr., hanskar 1.690 kr., Esprit stígvél 2.990 kr. Aðrir munir: Jólaskokkur 1.590 kr., jólakúlur stórar 599 kr., jólakúlur í boxi 1.690 kr., knöll 1.590 kr., jólasveinn 899 kr., gólfskál úr gleri 4.990 kr., bangsar 1.690 kr., Hamleys flugvélar - 2 saman 990 kr., strætó 699 kr., 5 bílar í kassa 3.490 kr., trommu-björn 2.990 kr., Jelly bean sælgæti 1.990 kr., enskar jólasnákökur 2.690 kr., rauðir pottar frá 3.290 kr., pókerspilaborð 4.990 kr., pókerspilapeningar 1590 kr., rauð kert 799 kr., súkkulaðiþlötur í bleikum kassa 1.790 kr., tekanna 1.990 kr., hvítar krúsir 390 kr., bakkaborð 2.990 kr., Esprit barnastígvél 2.490 kr.

DEBENHAMS

SMÁRALIND



SKIPTAR SKOÐANIR UM SÍMAKOSNINGU

HERRA ÍSLAND FER FRAM Á BROADWAY Á FIMMTUDAGSKVÖLD

Það verður mikið um dýrðir á Broadway á fimmtudaginn þegar Herra Ísland verður krýndur. Í ár verður sú nýbreytni að áhorfendur heima í stofu velja Herra Ísland með SMS-skilaboðum. Skiptar skoðanir eru á þessu fyrirkomulagi en líkt og í Idol-keppninni verða álitsgjafar sem gefa keppendum umsögn.

Sirkus hafði samband við Pál Júlíus Kristinsson, núverandi Herra Ísland, og Garðar Gunnlaugsson sem vann keppnina árið 2003 og verður einn af álitsgjöfunum á fimmtudaginn kemur.

PÁLL JÚLÍUS EKKI SÁTTUR

„Ég held að það sé ekki þeirra sem heima sitja að velja hver sé Herra Ísland. Ég er hræddur um að þetta sé að breytast í vinsældarkosningu. Það gæti farið svo að heilt bæjarfélag fylki liði bak við sinn keppanda og tryggi honum þannig titilinn. Sjálfur vil ég sjá dómara sem eru færir um að meta strákana. Ég hefði ég ekki vilja að vinna keppnina á þennan hátt,“ segir Páll Júlíus, Herra Ísland, en bætti við: „Auðvitað vona ég bara að þetta komi sem best út en held því miður að þetta sé ekki tilraunarinnar virði.“

En hvemig er að þurfa að láta titilinn frá sér?

„Það er bara ágætt, þetta er komið gott. Búið að vera fínt ár.“

TILRAUN TIL AÐ GERA KEPPNINA SKEMMILEGRI

Hefði SMS-kosning verið bindandi í kjöri á Herra Íslandi árið 2003 hefði Garðar Gunnlaugsson ekki hlotið nafnbótina heldur Henning Jónasson. Garðari líst þó vel á þessa tilraun og segir um að gera að láta á þetta reyna. „Elín Gestsdóttir er bara að gera



tilraun til að gera keppnina enn skemmtilegri og ég fagna því bara. Við verðum fimm sem verðum ráðgjafar í keppninni og gefum keppendum umsögn fyrir fólk sem fylgist með í beinni útsendingu heima í stofu. Ég vona að þetta verði það stór kosning að einhver smölun innan vinahópa nái ekki að telja að ráði. Ég trúi ekki öðru en að þjóðin velji þann sem henni finnst eiga þetta mest skilið.“

-HH



TRABANT TEKUR Á LANDSBYGGÐINI

Hljómveitin Trabant er tiltölulega nýkomin frá London þar sem hún lék á nokkrum tónleikum. Fara sögur af því að tónleikarnir hafi gengið stórvel og Bretarnir vart haldið vatni þegar Ragnar Kjartansson lét skyrtna flakka. Nú eru strákarnir hinsvegar komnir heim í bili. „Nú eru það tónleikar hérna á Íslandi,“ segir Gísli Galdur í Trabant. „Við ætlum að reyna að fara út á land í lok nóvember. Verðum að spila á Akureyri og Ísafirði til dæmis. Það er svona smá landsbyggðartúr,“ Strákarnir munu svo halda aftur í höfuðborgina og blása til flugeldasýningar á Nasa 15. des.

Þeir hafa gert smáskífusamning í Bretlandi og sendu á dögnum frá sér eina sjö tommu. Plata þeirra, Emotional, mun svo koma út í Bretlandi í febrúar. Strákarnir í Trabant ætla ekki að gleyma sér í tónleikahaldi hér á landi því eftir áramót eru þeir bókadír víða um Evrópu. „Við erum að fara að spila á Eurosonic-festivali í Hollandi í janúar, svo förum við til Frakklands og Bretlands í febrúar og aftur til Hollands,“ segir Gísli þrusukátur.

HRESSANDI



SÚPUBARINN

Súpubarinn á Esso-stöðinni í Borgartúni er eitthvað sem Sirkus mælir hiklaust með. Innan um tölvufyrirtæki, bónstöðvar og Bílanaust leynist þessi magnaði staður. Ekki skemmir fyrir að þetta er sjúklega hollt. Virkilega gott að fara þarna og láta mæla olíuna á meðan maður úðar í sig súpu og speltbrauði.



JORDAN-SKÓR

Jordan-skór eru eitthvað sem allir verða að eiga ef þeir ætla að komast af í lífinu. Þessir skór eru fyrir löngu orðnir klassískir. Sama hvort þú ert Jamie Foxx, Jessica Alba, kerrustrákur eða fasteignasali þá ertu alltaf jafn svalur í Jordan-skóm. Ekki skemmir fyrir að þú stendur öðrum fram- ar ef skorað er á þig í „one on one“.



NBA TV

Það er loksins hægt að sjá alla leikina í NBA og fylgjast með mótinu almennilega, allan sólarhringinn. Í bland eru sýndir gamlir gullmolar úr deildinni. Sögulegar flautukörfur, tröllslegar troðslur (monster jam), auk tilprifa frá gömlum meisturum eins og Magic Johnson, Michael Jordan, Larry Bird, Kevin McHale og fleiri göðum leikmönnum.

EFNI


- 6 – Skakkamanage rændi Gunnari Tynes.
- 8-9 – Hvar kaupa menntaskólanemar fötin sín?
- 10 – Gáfaðasti plötusnúður Íslands.
- 12 – Eyþór Guðjónsson - Athafnamaðurinn sem hefur prófað allt.
- 14-15 – Hafðis Huld leysir frá skjöldunni
- 17-30 – Ítarleg úttekt á Ford-fyrirsætunum og keppninni sjálfri.
- 29 – Malla fyrirsæta spjallar um bransann.
- 30 – Elísabet Davíðs segir stelpur byrja of ungar að sitja fyrir.
- 33 – Jeff Lindsay : Blóðmeinataeknir og fjöldamorðingi
- 38 – Þemakvöld rassins á grandrokk
- 39-43 – Sódóma RVK
- 44 – Brynja Björk tjáir sig

SIRKUS

365

Auglýsingastjóri: Hannes Steindórsson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölustjóri: Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglýsingar@365.is
Ritstjórn: Ágúst Bogason, Hjörvar Hafliðason, Katla Rós Völudóttir, Óli Hjörtur Ólafsson og Sólmundur Hólm.
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun forsölu: Prentmet
Prentun: Ísafold

Forsölu myndina þrýðir Margrét Una Kjartansdóttir, Malla



ANNA BRÁ LÆTUR FÓLK HRISTA RASSA VERÐUR ÓÐ ÞEGAR HÚN HEYRIR Í RATATAT



Hún er 19 ára og er án efa yngsta dj-stelpan á landinu. Hún heitir Anna Brá Bjarnadóttir og er búin að vera að spila R'n'B og hiphop á Prikinu undanfarið. Hún spilar aðallega vínýlplötur en grípur í geisladiskana þegar þess þarf. Sirkus hittir Önnu og spurði hana út í dj-bransann.

Hvenær byrjaðirðu að spila?

Ég byrjaði að spila opinberlega fyrir ári síðan. Ég hef alltaf haft gífurlegan áhuga á tónlist og það var mikil tónlist í kringum mig þegar ég var krakki. Þabbi minn hlustaði mikið á t.d. Janis Joplin, Creedence Clearwater og Bob Dylan. Tónlistaráhugi hans varð til þess að ég varð svona mikið fyrir tónlist.

Erstu bara að spila R'n'B og hiphop?

Nei, ég spila líka mikið af klassísku rokki, fönk og djass. Reggí heillaði mig líka mjög mikið síðasta sumar.

Er þetta bara áhugamál hjá þér eða er þetta eitthvað sem þig langar að gera af alvöru seinna meir?

Alveg klárlega það sem mig langar að gera meira af í framtíðinni. Ekki eitthvert „full time job“ en það er alltaf gaman að geta gert það sem manni finnst skemmtilegt. Ég hef mikinn áhuga á þessu og vonast til að fá sem flest „gigg“ í framtíðinni.

Er þetta ekki helvíti dýrt?

Jú, þetta er það. Sérstaklega ef maður er að spila mikið á vínýl, þá er þetta nú ansi kostnaðarsamt get ég sko sagt þér. Vínýlplötur vaxa ekki á trjám. Annars er ég dugleg að ná í tónlist af netinu og fara í búðirnar og kaupa mér tónlist.

Erstu komin með eitthvert dj-nafn eða kallarðu þig bara Önnu Brá?

Það hafa verið miklar vangaveltur um þetta blessaða dj-nafn. Margir hafa komið með uppástungur og ekkert hefur verið nógu gott. Ég held mig við mitt nafn í augnablikinu þangað til eitthvað betra kemur í ljós.

Hvaða íslensku plötusnúða ertu að fíla?

Gísli Galdur finnst mér góður, einnig Benni B-Ruff og Kári.

Hvaða lög eru að kveikja í þér í dag?

Frontin' með Jamie Cullum, Make You Feel That Way með Blackalicious, Seventeen Years með Ratatat, ég verð alveg óð þegar ég heyri það. Hands með Four Tet, Go með Common, Touch The Sky með Kanye West og Shopping Bags með De La Soul.

Anna mun spila með Dj Gay Thug á Prikinu einhvern tímann í desember.

Fylgist með.

-ÓHÓ

HVERNIG FANNST ÞÉR?

DRAWING RESTRAINT 9?

Októberfilmfest er núna nýafstaðin og ein af myndunum á hátíðinni var myndin Drawing Restraint 9 eftir Matthew Barney sem er með Björk í aðalhlutverki. Sirkus ákvað að spyrja nokkra sem fóru á myndina hvað þeim fannst.



Frábært útlit og frábærir búningar. Myndrænt séð mjög flott en aðeins of langt teboð.

**ARON BERGMANN. 25 ÁRA.
MYNDLISTARMAÐUR OG GALLERÍEIGANDI.**



Langdregin, óskiljanleg og tilgangslaus þvæla. Horfði meira á Exit-skiltið í salnum en á tjaldið.

**ÞÓRIR BALDURSSON. 26 ÁRA.
KERFISFRÆÐINGUR.**



Hún er mjög gleðjandi fyrir augað en engan veginn „my cup of tea“. Ég var ánægð að Matthew Barney var þarna að útskýra myndina enda hugarfóstur hans óskiljanlegt með öllu fyrir leikmenn... eins og mig.

**DRÖFN ÖSP SNORRADÓTTIR. 26 ÁRA
VERKEFNASTJÓRI HJÁ JÓNSSON OG LEMACKS.**



Myndin er sterk af því að hún vinnur með viðfangsefnið að virðingu. Matthew Barney fer inn í þetta japanska umhverfi sem gestur. Um leið er myndin er skref úr þeim lokuðu kerfum sem hann hefur unnið með. Ég var mjög ánægð með hana.


**BERLIND JÓNA HLYNSDÓTTIR. 26 ÁRA.
MYNDLISTARNEMI.**

RÆNDU GUNNA TYNES

„Við fórum upp í sumarbústað um síðustu helgi,“ segir Svavar Pétur Eysteinnsson, söngvari hljómsveitarinnar Skakkamanage. Meðlimir sveitarinnar gerðu sér lítið fyrir og drógu einn færasta hljóðpróduer landsins, Gunnar Tynes, í sumarbústað. „Hann er alltaf svo upptekinn hann Gunni. Þegar við þurfum að nota hann þurfum við að mæta fyrir utan hjá honum, binda hann niður, setja hann í skottið og bruna út úr bænum á 140. Þetta gerðum við um helgina með ágætisárangri,“ segir Svavar. Hann segir að meðferðin á Gunna í bústaðnum hafi vart verið mannsæmandi. „Ég lét hann vaka til nú um morguninn báða dagana. Svo var hann vaknaður fljótlega eftir hádegi.“

Platan sem Skakkamanage vinnur að þessa dagana kemur út rétt eftir áramót að sögn Svavars. Á plötunni verða jafnt splunkuný lög í bland við lög sem voru samín fyrir um tveimur árum síðan. „Við þurfum að taka nokkur svona sumarbústaðasessjón í viðbót með stráknum, og þá er þetta komið.“ -SHS





MAGIC KICK ENERGY

International Economics
ECONOMICS
ECONOMICS

PÅ ER PITT MÅL HVAD PU GERIR
MAGIC VEITIR
DER ORKUNA

MAGIC KICK ENERGY

ÚTGANGURINN Á ÆSKUNNI

Hún: **Kristín, 17 ára** á tungumálbraut.
Jakki keyptur í Róm
Trefill keyptur í þrjónabúð niður í bæ
Belti frá Rokk og Rósir
Bolur úr TopShop
Buxur úr Sautján
Skór frá Deres
HVAR VERSLAR ÞÚ HELST?
Spútnik, Rokk og Rósir og í H.M. í útlöndum



MH



MH

Hann: **Marteinn, 16 ára** á tungumálbraut
Peysa úr Topman
Buxur frá Levi's
Skór úr Kron
HVAR VERSLAR ÞÚ HELST?
Zöru, TopShop, Secondhand búðum niður í bæ og í útlöndum.



VERSLÓ

Hún: **Edda, 16 ára** á náttúrufræðibraut
Peysa frá Spútnik
Bolur úr VeraModa
MissSixty buxur frá Sautján
Skór frá Kringlutorgi sem er á þriðju hæð
HVAR VERSLAR ÞÚ HELST?
Bara alls staðar, t.d. í Spútnik, Kolaportinu og Sautján.



VERSLÓ

Hann: **Skúli, 17 ára** á viðskiptabraut
Skór úr Adidasbúðinni
Buxur úr Sautján
Bolur úr H.M.
HVAR VERSLAR ÞÚ HELST?
Misjafnt, kannski Sautján.

SÚPERSTJÖRNUR SKÁLDSÖGUHEIMSINS

JÖFRARNIR EIGA GÓÐAR STUNDIR FYRIR ÞESSI JÓL
OG MÆTA TIL LEIKS MEÐ STERK VERK.

1. ARNALDUR INDRÍÐASON: BJÖRGÚLFUR BÓKMENNTANNA

Rétt eins og Björk flutti út íslenska tónlist og Björg-
úlfar og Baugur fluttu út íslenskt fjármagn gerði Arn-
aldur íslenskar bókmenntir að fyrirbæri sem er ekki
lengur aðeins lesið meðal einstakra Laxnessáhuga-
manna í bókmenntadeildum íslenskra háskóla.
Trukkurinn Arnaldur ryður nú öllu á undan sér og
sópar að sér jafnt verðlaunum og sölutölum.



2. HALLGRÍMUR HELGASON: REIÐARI EN UNGSKÁLDIN

Hallgrímur er hér eina ferðina enn og á gamalsaldri orðinn
reiðasta ungskáldið og jafnframt sá sem best nær að átta sig í
sam tímanum. Hann endurheimtir stöðu sína sem konungur
101. En hvenær ætlar einhver að velta honum úr sessi? Eftir
hina umdeildu Höfundur Íslands og afskrifuðu Herra Alheimur
er Hlynur loksins kominn með verðugan arftaka.




4. PRÁINN BERTELSON: ÓGNVALDUR AUÐMANNA

Práinn er ekki dáinn úr öllum æðum heldur er hann eini rit-
höfundurinn sem þorir að takast á við þær gífurlegu svipt-
ingar sem orðið hafa í íslensku viðskiptalífi undanfarin ár.
Rithöfundarferill Práins er einhver best heppnaði eftirlauna-
ferill sem sögur fara af eftir að hann hætti að gera bestu bíó-
myndir Íslands.



3. SJÓN: ANDANS OFURHETTJA

Sjón er vinsell eftir bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og
sá af Smekkleysumönnum fyrir utan Björk sem enn er líkleg-
astur til að ná heimsyfirráðum fyrir dauða sinn. Meðan flest-
ar íslenskar skáldsögur einkennast af realisma og fara sjald-
an langt frá heimalandinu, nema í stöku fyllerisferð, er Sjón
ekki smeykur við að ferðast fram og til baka í tíma, rúmi og á
mörkum goðsagna og veruleika.



5. ÓLAFUR GUNNARSSON: SÖGULEGAR SKÁLDSAGNAHÖFUNDUR ÍSLANDS

Sögulegar skáldsögur um Napoleon og Alexander hafa selst
vel undanfarið. Ólafur beitti svipaðri tækni á Jón Arason - og
uppskar fyrir vikið metsölubók. Í sinni nýjustu bók, Höfuð-
lausnum, færir hann söguviðið fram til ársins 1919. Þó að
meginpersónan sé ekki súperstjarna í sögunni á við Jón A.
koma fyrir ýmsar þjóðþekktar persónur, svo sem Muggur og
Knut Hamsun.

FIMM RITHÖFUNDAR TIL AÐ FYLGJAST MEÐ ÞAÐ ÞARF AÐ ENDURNÝJA Í RITHÖFUNDASTÉTT EINS OG ÖÐRUM STÉTTUM.

1. HERMANN STEFÁNSSON: LIFANDI DÆMI UM AÐ SKÁLDSAGAN LIFIR

Hermann hefur áður gefið út smásagnasafnið Níu Þjófalyklar og bókina Sjónhverfingar, sem var einhverfsstaðar á mörkum skáldsögu og fræðirlits. Stefnuljós er hans fyrsta hreinræktaða skáldsaga. Hermann var vefritstjóri Kistunnar og hefur átt góða rímu við suma af helstu bókmenntagúrúum landsins og í Lesbókinni undanfarið. Hann veit sínu viti, og þrátt fyrir ótímabærar fregnir af andláti skáldsögunnar er hann sá höfundur af ungu kynslóðinni sem er hvað líklegastur til að flyta henni eitthvað áfram fram eftir öldinni.



2. YRSA SIGURÐARDÓTTIR

Yrsa á einhverja glæstustu innkomu undanfarinna ára. Hún vann Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2003 með skáldsögunni Bíóbörnin. Nýjasta bók hennar fjallar um morð á þýskum skiptinema, og er hennar fyrsta skáldsaga fyrir fullorðna. Hún er gefin út í öllum heimsins löndum, og því á Yrsa möguleika á að verða einhverskonar kvenkyns Arnaldur.



3. JÓN ATLI JÓNASSON: EKKI OFT SEM MAGN OG GÆÐI FARA SAMAN

Jón Atli var Rödd Guðs í útvarpinu en hefur undanfarið æ meira orðið að rödd íslenskrar leikritunar meðal yngri kynslóðarinnar. Skáldsaga hans í frostinu gefur þó til kynna að skáldsagnagerðin eigi einnig eftir að enda á hans könnu. Það er virðingarvert að sleppa harðkápunni í von um yngri og efnaminni lesendahóp, og er Jón Atli einn af þeim sem gæti rekið nýjar kynslóðir til lesturs.



4. JÓN HALLUR STEFÁNSSON: STENDUR UPPUR GLÆPASÖGUGFLÓÐINU

Forðast var að nefna hann á nafn þar sem tveir bræður myndu þá lenda saman á lista, en hjá því varð ekki komist. Jón Hallur er ekki ungur maður, en Krosstré er hans fyrsta bók og telst hann því til nýrra höfunda. Jón vann glæpasögukeppni Grand Rokk í fyrra og var þá settur á laun af Bjarti við skriftir. Hann gæti átt í harðri samkeppni við bróður sinn. Eða Jón Atla, og myndu þeir þá mynda tvíeykið Jón Hallur og Jón Atli.



5. ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ: HEIMSPEKI MÆTIR SÉÐ OG HEYRT

Fyrsta bók hans, Barnagælur, fjallar um þann heim sem birtist okkur í glansblöðunum og dímum leyndarmál sem leynast undir niðri. Meðan heimur tímaritanna virðist æ óraunverulegri komast skáldsögurnar ef til vill nær raunveruleikanum. Og líklega þarf heimspeking í verkið.

Á LEIÐINI INN:

Þóra Sigurðardóttir og **Marta María Jónasdóttir** eru búnar að gefa út bók fyrir stelpur. Kominn tími á almennilega íslenska chick lit bók.

Eiríkur Bergmann Einarsson, stjórnmálafræðingur og skáld, gefur út sína fyrstu skáldsögu fyrir jólin sem nefnist Glapræði. Með bakgrunn sinn í Evrópumálum gæti hann skrifað háþólitíska trilla í anda Tom Clancy. Eða absúrdistaleikrit.

Nýhil eru loksins kominn með traustan fjárhagslegan grunn þökk sé Medici 21. aldar, Björgólfi eldri. Meðal efnilegustu skálda hópsins er **Kristín Eiríksdóttir**, sem þegar hefur getið sér gott orð sem ljóðskáld, og stefnir í að gefa út skáldsögu á næsta ári. Sá sem hefur þó virst hvað efnilegastur af ljóðabókum hópsins að dæma, Haukur Már Helgason, hefur átt í erfiðleikum með útgefanda, en þegar hann er klár er von á stórtíðindum.

Aðrir ungir höfundar sem gaman væri að sjá eitthvað frá væru **Þórdís Elva Bachmann**, sem hefur getið sér gott orð sem leikritaskáld og pistlahöfundur, og svo rapparinn **Erpur Eyvindarson**, sem fór með sigur af hólmi á kvöldi reiðra skálda á Grandrokk, og mun vonandi einhvern daginn feta í fótspor föður síns og gefa út bók. Og hver veit nema **Dóri DNA** feta einhverntímann í fótspor afa, þó það séu kannski ansi stórir skór að fylla.



HVAR VERSLA MENNTSKÆLINGAR? ÚTGANGURINN Á ÆSKUNNI

Hún **Gauja**, 18 ára á Náttúrufræðibraut.
Skór úr **Sautjón**
Buxur úr **Sautjón**
Bolur úr **H.M**
Peysa úr **Zöru**
HVAR VERSLAR ÞÚ HELST?
Allsstaðar, fer eiginlega eftir fótum



MR



MR

Hann **Guðmundur**, 19 ára á Náttúrufræðibraut
Frakkinn úr **Sautjón**
Buxur úr **Jack and Jones**
Skór úr **Sautjón**
Bolur keyptur á **netinu**.
HVAR VERSLAR ÞÚ HELST?
Jack and Jones og Sautjón.

Hún **Harpa**, 18 ára á Félagsfræðibraut
Peysa úr **VeraModa**
Bolur úr **H.M**
Belti úr **Spútnik**
Pils frá **Útlöndum**
Skór úr **Spútnik**
HVAR VERSLAR ÞÚ HELST?
Spútnik, Rokk og Rósis, Allsaints og Centrum



MS



MS

Hann **Kristján** 18 ára á Félagsfræðibraut
Jakki keyptur í **London**
Buxur keyptar í **Útlöndum**
Skór úr **Intersport**
HVAR VERSLAR ÞÚ HELST?
Spútnik og alveg fullt af ógeðslega miklu shitti í **Útlöndum**.



ELLEN LOFTSDÓTTIR SPILAR MEÐ ERNU VINKONU Á KAFFIBARNUM, VEGAMÓTUM OG PRIKINU.



RÓSA BIRGITTA SPILAR AÐALLEGA Á PRIKINU.

EF GERA Á SÉR GLAÐAN DAG ÞYKIR EKKI VERRA AÐ BREGÐA SÉR ÚT Á LÍFIÐ OG DANSA. ÞAÐ ER ÞÓ EKKI HÆGT AÐ DANSA VIÐ HVAÐA TÓNLIST SEM ER. ÞESS VEGNA SJÁ FAGMENN UM AÐ ÞEYTA SKÍFUM KVÖLD EFTIR KVÖLD SVO ÞÚ SKEMMTIR ÞÉR SEM BEST. VITA ÞESSIR PLÖTUSNÚÐAR EITT-HVAÐ UM TÓNLIST? SIRKUS HEFUR SETT Í GANG KEPPNI UM FRÓÐASTA PLÖTUSNÚÐINN.

SNÚÐASLAGURINN

1. HVAD HEITIR FYRSTA PLATA BUBBA MORTHENS?

Rósa: Ég giska á Ný spor.

Ellen: Ísbjarnarblús



1

2. HVADA HLJÓMSVEIT ÁTTI LAGIÐ „ER HANN BIRTIST“?

Rósa: Trúbrot.

Ellen: Shady Owens.

3. HVAD HEITIR GÍTARLEIKARINN Í LED ZEPPELIN?


Rósa: Man það ekki.

Ellen: Jimmy Page.

4. HVADA HLJÓMSVEIT GERÐI ALLT VITLAUST MEÐ LAGINU „BLACK HOLE SUN“?

Rósa: Soundgarden.

Ellen: Soundgarden.



5

5. HVADA MADONNU-LAG ER Í KVÍKMYNDinni DESPERATLY SEEKING SUSAN?

Rósa: Ég hef ekki hugmynd.

Ellen: Veit ekki.

6. TVEIR STRÁKAR MEÐ RAFMAGNSGÍTAR KOMU FRAM Á SÍÐUSTU AIRWAVES-HÁTÍÐ. HVAD HEITIR DÚÓIÐ?

Rósa: Ratatat.

Ellen: Þarf að pæla aðeins í þessu.



8

7. HÚN FÆDDIST Á HAVANA 1. SEPTEMBER ÁRIÐ 1957. HÚN SLÓ Í GEGN MEÐ LAGINU „RHYTHM IS GONNA GET YOU“ OG LENTI SÍÐAN Í ALVARLEGU BÍLSLYSI ÁRIÐ 1990. NEFNID SÖNGKONUNA?

Rósa: Man ekki hvað hún heitir.

Ellen: Gloria Estefan.

8. HVADA ÍSLENSKA HIP HOP HLJÓMSVEIT GAF ÚT PLÖTUNA „CENTRAL MAGNETIZM“ ÁRIÐ 1997?

Rósa: Subterranean.

Ellen: Subterranean.



9

9. HANN ER VINSÆLL SVARTUR GRÍNLEIKARI OG GAF ÚT LAG Á NÍUNDA ÁRATUGNUM SEM KALLAST „PARTY ALL THE TIME“. HVAD HEITIR HANN?

Rósa: Eddie Murphy.

Ellen: Man ekki hvað leikarinn heitir.

10. HVADA TÓNLISTARSTEFNA HÓFST Í NEW ORLEANS UPP ÚR 1890?

Rósa: Jazz.

Ellen: Er það ekki bara Jazz?

11. Í HVADA LAGI KEMUR FYRIR TEXTINN „I STILL HAVE LAST NIGHT IN MY BODY. I WISH YOU WERE WITH ME“?

Rósa: David með Gus Gus.

Ellen: David með Gus Gus.

12. Í HVADA HLJÓMSVEIT VAR SÖNGKONAN SHADY OWENS?

Rósa: Trúbrot.

Ellen: Trúbrot.

13. HVAD HEITIR MUGISON?

Rósa: Örn.

Ellen: Ég man það ekki.

14. FRÁ HVADA LANDI ER GEORGE MICHAEL ÆTTAÐUR?

Rósa: Ítalíu.

Ellen: Ítalíu.

15. NEFNID ALLA MEDLIMI SPICE GIRLS?

Rósa: Victoria, Emma Bunton, Mel B, Mel C og Geri.

Ellen: Victoria, Geri, Emma, Mel C og Mel B.

16. HVAD HEITIR FYRSTA SÓLÓPLATA BEYONCÉ?

Rósa: Bara Beyoncé.

Ellen: Crazy In Love.

17. HVER UPPGÖTVADI EMINEM?

Rósa: Dr. Dre.

Ellen: Dr. Dre.

18. HVER VAR SÖNGVARINN Í HLJÓMSVEITINI THE SMITHS?

Rósa: Hef ekki hugmynd.

Ellen: Morrissey.

19. HVER ER OFT KALLAÐUR GUÐFAÐIR HIP HOP TÓNLISTARSTEFNUNNAR?

Rósa: Veit ekki.

Ellen: Veit ekki.

20. HVAD HEITA SYSTUR MICHAEL JACKSONS?

Rósa: LaToya Jackson og Janet Jackson.

Ellen: LaToya Jackson og Janet Jackson.



11



12



13



14

ÞAÐ VAR MJÓTT Á MUNUNUM Í VIÐUREIGN STÚLKNANNA. EFTIR ÆSISPENNANDI LOKAKAFLA FÓR ELLEN MEÐ SIGUR AF HÓLMI MEÐ TÓLF RÉTT SVÖR MEÐAN RÓSA BIRGITTA GAT SVARAD ELLEFU SPURNINGUM RÉTT. ELLEN ÞARF ÞVÍ AÐ MÆTA AFTUR Í UNANÚRSLIT.



SVÖR:

1. Ísbjarnarblús 2. Hljómur 3. Jimmy Page 4. Soundgarden 5. Into The Groove 6. Ratatat 7. Gloria Estefan 8. Subterranean 9. Eddie Murphy 10. Jazz tónlist 11. David með Gus Gus 12. Trúbrot 13. Örn 14. Ítalíu 15. Victoria, Emma Bunton, Mel B, Mel C og Geri 16. Dangersously In Love 17. Dr. Dre 18. Morrissey 19. Afrika Bambaataa 20. LaToya Jackson og Janet Jackson

FORÐAST FUGLAFLENSUNA

„Við förum til Japans 23. - eða 24. nóvember,“ segir Gunnar Tynes einn forspraki hljómsveitarinnar Múm. Sveitin á að halda ferna tónleika í Japan í lok nóvember. „Þetta leggst bara rosavel í mig. Við höfum spilað þarna fjórum fimm sinnum áður en þá höfum við bara tekið eina tónleika í einu. Þeir vilja sitja að þessu einir Japanirni. Þegar þeir eru búnir að fljúga manni yfir hnöttinn vilja þeir ekki að maður sé að spila á öðrum stöðum líka. Það er alveg skiljanlegt,“ segir Gunni. „Síðasta sumar fórum við með vinum okkar út til Japans. Kristín var að syngja með þeim. Þeir voru að túra um og okkur fannst alveg frábært að ferðast um Japan og langaði til að prófa að túra um þessar slóðir.“ Gunni segir það vera einstaka upplifun að sjá út fyrir Tókýó. Þar sem áreiði sé minna enda Tókýó 24 tíma megaborg. „Um leið og maður er kominn út fyrir Tókýó fer maður að sjá mikið af musterum og húsín eru


minni. Japan er líka rosalega falleg eyja sem maður verður að skoða,“ segir Gunni. Sveitin mun meðal annars spila í Kyoto á Club Metró. Menn velta fyrir sér hvort íslenska bandið muni loks undirrita Kyoto-samkomulagið. Ekki skemmir það fyrir ef það gerist á Club Metró. „Ég væri alveg til í að gera það. Ef ég hefði umboð til þess myndi ég ekki hika við það,“ segir Gunni hlajandi en vongóður um að það náist. Eftir sigrana í Japan munu Múmarar fara yfir til Taiwan og halda tónleika þar. Aukinheldur ætla þeir að skoða sig um. Asia verður tekin með trompi. „Við fáum nokkra daga til að skoða okkur um og svo munum við ferðast fuglaflensuna með trompi,“ segir Gunni en telur þó líklegra að fá flygil í hausinn en að smitast af flensunni. Sirkus óskar Múm góðrar ferðar og vonar að sveitin snúi til baka án fuglaflensu og kúlu eftir flygil.

-SHS

Á LEIÐ TIL ASÍU. HLJÓMSVEITIN MÚM SPILAR Í TAIWAN OG JAPAN UM MÁNADA-MÓTIN



Hefurðu keypt þér eitthvað sætt nýlega?



Ertu nokkuð að missa af bestu kaupum ársins?

Draumaveröld kaupalkans,
meinfyndin og sönn í senn.

Geggjuð bók fyrir skvísur!
Skvísaðu einni í jólapakkann!



FYRRI STÖRF EYÞÓRS

Eyþór Guðjónsson hefur fengist við ýmislegt í gegnum tíðina.

Eyþór...

...vann sem dyravörður á Hótel Borg með menntskóla.

...sá um útskriftarferðir menntskælinga til Jamaíku.

...lék handbolta í meistaraflokki með HK og Val. Varð tvívegis Íslandsmeistari með Hlíðarendapiltum.

...var í landsliðsnefnd Handknattleikssambands Íslands.

...flutti inn bjór.

...flutti inn íþróttaföt.

...vann sem markaðsstjóri Sambíóanna.

...rak Little Ceasars-pítsur.

...er hluthafi í Event. Sem er fyrirtæki í skemmtanaíðnaði.

...er með teiknimyndafyrirtæki.

...er með þróunarfyrirtæki í fasteignum.

...er eigandi Paintball á Íslandi.

...hefur leikið í Hollywood-mynd sem Quentin Tarantino framleiddi.



EYÞÓR GUÐJÓNSSON VIÐ TÖKUR Á MYNDinni HOSTEL SEM VERÐUR FRUMSÝND Í JANÚARMÁNUÐI



WHO THE FUCK IS EYÞÓR GUÐJÓNSSON?

NAFN EYÞÓRS GUÐJÓNSONAR HEFUR BRUNNIÐ Á VÖRUM ÍSLENDINGA AÐ UNÐANFÖRNU Í KJÖLFAR KOMU ELIS ROTH OG QUENTINS TARANTINO VEGNA FRUMSÝNINGAR HRYLLINGSMYNDARINNAR HOSTEL ÞAR SEM EYÞÓR FER MEÐ HLUTVERK ÍSLENDINGSINS ÓLA. SIRKUS LÉK FORVITNI Á AÐ VITA HVER ÞESSI EYÞÓR ER.

„Ég er Kópavogsbúi og hef búið þar nánast alla mína ævi. Reyndar sveik ég lit í nokkur ár en er mættur aftur í vesturbæ Kópavogs. Ég var alltaf í HK í handbolta á mínum yngri árum en síðan fór ég yfir í Val á lokaárum ferilsins og vann þar tvo Íslandsmeistarátíla.“

VARSTU GÓÐUR Í HANDBOLTA?

„Ég veit það nú ekki, ég var bara svona medium rare held ég. En mér er mjög annat um handboltann og var í landsliðsnefnd HSÍ Yí fjögur ár en er nýhættur.“

VARSTU EKKI ALGJÖR NAGLI ÞEGAR ÞÚ VARST YNGRI?

„Nei, alls ekki, bara natural beauty. Hehe, nei nei, bara ofboðslega venjulegur og er enn.“

HVAÐ HEFUR ÞÚ VERIÐ AÐ GERA Í GEGNUM TÍÐINA?

„Ég hef komið nálægt svo mörgu. Þegar ég var aðeins tvítugur byrjaði ég að skipuleggja útskriftarferðir fyrir framhaldsskólanema til Jamaíku. Svo hóf ég að kynna teygjustökk fyrir landanum, eftir það hóf ég innflutning á íþróttafötum, og ég flutti inn bjór um tíma. Það var síðan hjá Sambíóunum, þar sem ég starfaði sem markaðsstjóri myndbandadeildarinnar, sem ég kynnist kvikmyndaiðnaðinum. Eftir fimm ár hjá Sambíóunum flutti ég inn Little Ceasars-pítsur. Í dag er ég með starfrækt teiknimyndafyrirtæki og þróunarfyrirtæki í fasteignum. Þá er ég Ýmeð Paintball (litbolta) en við erum nýfluttir með þá stafsemi úr Kópavoginum og í Hafnafjörðinn, á frábæran stað.“

HVERNIG STENDUR Á ÞVI AÐ ÞÚ SÉRT AÐ LEIKA STÆRSTA HLUTVERK SEM ÍSLENSKUR LEIKARI HEFUR FENGIÐ Í HOLLYWOOD-MYND?

„Eli Roth sem leikstjóri myndinni kom hingað til lands til að frumsýna Cabin Fever, mynd sem Eli fékk hugmyndina að hér á Íslandi. Ísleifur Þórhallsson, hjá Event, sem sá um að fá hann til landsins, fékk mig til að taka á móti honum. Eli sá eitthvað í mér og sagði mér að hann vildi skrifa einhvern tímann hlutverk fyrir Íslending eins og hann upplifði hressa Íslendinga. Eli segir Bandaríkjamenn ekki fatta Íslendinga. Halda að við séum öll eins og Björk. Hann vildi snúa því við, setja á það góðan margföldunarstuðul og spurði mig hvort ég hefði áhuga á að leika í bíómynd eftir sig.“

Ég tók þessu fyrst og fremst sem gríni. En svo kom hann hingað til Íslands aftur fyrir ári síðan með handrit að mynd og vildi að ég myndi leika. Fyrsta sem ég hugsaði var vá, hvað hann tók þetta grín langt.

Ég þakkaði honum fyrir að sýna mér þennan áhuga en afþakkaði. Auk þess leist mér ekkert á handritið. Vegna þess að þarna voru einhver kynlífsatriði og alls konar

rugl. Ég hugsaði með mér að svona vitleysa hentaði mér ekkert. Ég ætlaði ekkert að fara að gera mig að algjöru fifli.

En Eli gaf sig ekkert og honum var fúlasta alvara. Hann tjáði mér að hann teldi mig týpuna til að klára þetta. Ég fór að hugsa málið en á meðan prófaði hann aðra íslenska leikara ef ég myndi ekki vilja taka þetta að mér.“

OG HVAD VARÐ TIL AÐ ÞÚ ÁKVÁÐST AÐ KYLA Á ÞETTA?

„Tja, við ákváðum að setjast aðeins niður og ég setti ýmsa íslenska effekta inn í myndina og evrópsk áhrif. Svo endaði þetta þannig að ég átti orðið svo mikið í karakternum að ég gat ekki lengur skorast undan.“

HVERNIG TÝPA ER ÓLI SEM ÞÚ LEIKUR Í MYNDINN?

„Þetta er bara svona flippaður stuðbolti. Það er gaman að segja frá því að úti eru haldnar fullt af prufusýningum þar sem áhorfendur eru fengnir til að segja sínar skoðanir á myndinni. Eli sagði mér að í einum hópnum hafi tuttugu og einn áhorfandi af tuttugu og einum metið karakterinn minn og öllum þótt hann ótrúlega skemmtilegur. Fróðir menn segja mér að það sé ótrúlega gott skor. Ekki má gleyma því að þó að hlutverk mitt sé eitt af þremur aðalhlutverkunum þá er Ég bara í þriðjung myndarinnar.“

VAR EKKI GAMAN AÐ TAKA ÞÁTT Í ÞESSU?

„Jú, en samt mjög erfitt. Það er mjög erfitt að leika grínhlutverk í hryllingsmynd.“

VERÐUR ÁFRAMHÁLD Á HOLLYWOOD-FERLINUM?

Nei, ég á ekki von á því. Það hafa margir verið að hvetja mig til að skrá mig hjá einhverjum umboðsmönnum í Hollywood. En ég held að ég fari ekkert út í það.

Reyndar er ég búinn að semja við konuna mína að ég megi taka að mér hlutverk í rómantískri gamanmynd með Cameron Diaz fái ég 20 milljónir dollara fyrir og hún fái að vera viðstödd ástarsenurnar. Mig langar þó til þess að nýta þetta á annan hátt eins og t.d. að prómótera Ísland og íslenskar vörur.“

HVERNIG NÁUNGI ER TARANTINO?

„Frábær. Ég fór með hann á vélsleða í gær og það var bara rugl. Bullað og grínast út í eitt. Tarantino er ótrúlega líbó náungi og ég dáist að honum hvað hann gefur sér mikinn tíma fyrir aðdáendur sína. Honum finnst alveg meiriháttar skemmtilegt hérna. Ýég var að skila honum af mér út á flugvöll áðan og það voru liggur við tár við aðskilnaðinn! Hver hefði trúað því fyrir um ári síðan?“

Hostel verður frumsýnd í Bandaríkjunum í janúar mánuði á næsta ári en hér á Íslandi í febrúar.

Hjörvar Hafliðason

GERIMAX

n j ó t t u þ e s s a ð v e r a t i l

Aukin líkamleg orka og andleg vellíðan

GERIMAX

Frábær samsetning af vítamínum, steinefnum og Ginseng.

Gerimax – styrkur, aukið þol og betri einbeiting til að takast á við verkefni dagsins

Útsölustaðir: **Apótekin, Hagkaup, Nóatún, Samkaup, Nettó og Úrval.**



HAFDÍS HULD ER KOMIN HEIM Á
KLAKANN TIL ÞESS AÐ SYNGJA DÚETT
MEÐ DR. GUNNA Í HJÁLPUM ÞEIM,
NÆLA SÉR Í HÁLSBÓLGU OG SENDIR
AUK ÞESS FRÁ SÉR SÓLÓPLÖTU UM
ÞESSAR MUNDIR.

„GUSGUS VAR
UNGLINGAHLJÓMSVEITIN MÍN“

HAFDÍS HULD BIRTIST AFTUR FRÁ BRETLANDI MEÐ SÓLÓ-PLÖTU Í FARTESKINU. HÚN RÆÐIR VIÐ SIRKÚS UM AÐ SYNGJA DÚETT Á HJÁLPUM ÞEIM MEÐ DR. GUNNA, HÆTTULEGAN NAFLAHRING, STARF HENNAR SEM KENNARI Í SUNNUDAGASKÓLA OG NÝJU PLÖTUNA, SEM INNI-HELDUR MEÐAL ANNARS GEITARHORN OG ÍSBÍLA.

Ég er hérna aðallega til að ná mér í íslenska hálsbólgu,“ segir Hafdís Huld sem er nýkomin aftur hingað til lands. Hún hefur verið búsett í London undanfarið fimm ár þar sem hún hefur verið við tónlistarnám. Hún stefnir á að útskrifast næsta vor, en það er ýmislegt annað á döfinni. Hún er nefnilega að fara að gefa út sína fyrstu sólóplötu. „Ég er í hljómsveit með tveimur Frökkum sem ég kynntist í skólanum. Þegar kom að því að stofna hljómsveit valdi ég því vini mína, þar sem ég sé fram á að eyða miklum tíma með þeim í rútum. Við höfum svipaðan tónlistarsmekk, og á plötunni koma fyrir gítar, banjó, ukulele, geitarhorn, ísbílar og gömul indversk hljóðfæri. Mig vantaði fólk sem getur spilað á hvað sem er og er kósi manneskjur líka.“

BARA PAUL MCCARTNEY OG WESTLIFE FYRIR JÓL

Platan er tilbúin en kemur þó ekki út fyrir en í mars. „Verandi Íslendingur ætlaði ég að vera með í jólaflóðinu, en plötufyrirtækið vildi frekar bíða fram í mars. Rétt fyrir jólin eru þetta bara Paul McCartney og Westlife. Ég reikna með að koma einu lagi í spilun bæði á Íslandi og í Bretlandi fyrir jól, og svo myndbandi í janúar. Ég vonast líka til að halda tónleika á Íslandi í janúar.“ Útgáfufyrirtæki Hafdísar heitir M. Vine, og gefur út Boo Hewerdine, sem hefur samið lög fyrir kvikmyndir eins og Fever Pitch og Twenty Four Seven, og listamenn eins og Natalie Imbruglia. Annar listamaður sem fyrirtækið gefur út er Christie Hennessy, sem er 60 ára gamall og hefur selt milljónir platna, en er hvorki læs né skrifandi og starfar enn sem húsamálari. En fyrir utan hálsbólguna, hvað dregur Hafdís, sem sumir segja að hafi flúið land, aftur til Reykjavíkur?

SYNGUR DÚETT MEÐ DR. GUNNA Á HJÁLPUM ÞEIM

„Það heitir ekki að flytja land, það heitir að skoða heiminn. Þetta er bara nokkurra daga stopp hérna núna. Það er lestrarfrí í skólanum og platan er kláruð, svo ég ákvað að koma heim í heimsókn. Ég tek ömmurúntinn um helgina og svo er ég að syngja inn á Hjálpum þeim, sem er alger tilviljun að þeir skuli vera að taka upp núna. Það er gott að láta gott af sér leiða, ég syng þarna dúett með Dr. Gunna,“ segir Hafdís. Hafdís virðist annars mikið fyrir það að láta gott af sér leiða. „Ég er sunnudagaskólakennari í London, og læt bömin syngja á íslensku lög eins og Kristsmenn krossmenn. Þau vantaði einhvern sem gat öskrað herra en krakkarnir.“

BÝR Í GETTÓINU

Hverfið sem hún býr í gæti líklega þurft á smá góðvild að halda.

„Ég bý í Brixton, í gettóinu. Þegar maður kemur aftur heim tekur maður eftir því hvað allt er öruggt og hreint hérna. En



Á NÝJU PLÖTUNNI SYNGUR HAFDÍS MEÐAL ANNARS UM NAFLAHRINGINN SINN.

þegar maður býr í stórborg hugsar maður öðruvísi. Fyrir tveimur vikum elti mig einhver gaur inn í strætó, greip í mig og sagði: „Þú sagðir ekki bless við mig.“ Hann virtist vera staðráðinn í að eyða kvöldinu með mér svo ég flúði inn í stórmarkað þar sem ég týndi honum í þvögunni. En 99% fólks eru indæl. Hverfispöbbarnir eru eins og í bíómyndunum, þar þekja allir alla.“ Hafdís býr í London með kærasta sínum til sex ára, Henry, sem er reyndar Íslendingur.

HÆTTULEGUR NAFLAHRINGUR

Hafdís hefur sungið með FC Kahuna sem spilar tölvutónlist, en segir að sólóplatan sé meira í ætt við þjóðlagatónlist.

„Þegar maður segir þjóðlagatónlist á Íslandi kemur öllum upp í hugann fólk sem er í hosum hingað upp,“ segir Hafdís og lyftir upp löppinni til að sýna hversu langt hosurnar ná.

„En í Bretlandi hefur þjóðlagatónlist aðra merkingu. Textarnir mínir eru kannski ekki mjög þjóðlegir, eitt lag heitir Diamonds on My Belly og fjallar um þegar ég lét gera gat í naflann og það þurfti að bera mig út.“

Er þetta þá einhverskonar forvarnarlæg?

„Nei, þetta er bara lag um það hvað ég er lítill skvíska.“

„GUSGUS VAR UNGLINGAHLJÓMSVEITIN MÍN“

Hafdís hefur hinsvegar verið nánast endalaust að huga að sólóplötunni.

„Þetta er platan sem ég vildi gera og ég

er fegin að hafa beðið. Það var ævintýri að vera í GusGus og skrifa undir alþjóðlegan plötusamning 16 ára gömul. Ætli ég sé ekki yngsti Íslendingurinn til að detta í meikið. GusGus var unglíngahljómsveitin mín, ég er búin að brenna mig á ýmsu og veit hverju ég á að passa mig á nú.“

Það var einmitt með GusGus sem hún var uppgvötuð af núverandi umboðsmanni sínum.

„John Best, sem er líka umboðsmaður fyrir Sigur Rós sá mig á sviði. Ég sagði honum að ég vildi frekar snúa mér að leiklist, en hann tók það ekki í mál, sagði að ég ætti frekar að flytja til London og búa á sófanum hans þangað til við fundum út úr þessu. Ég gerði það, og við fundum út úr þessu á endanum.“

STRENGJAKVARTETT Á GAMALSALDRI

En Hafdís ætlar sér að gera meira en að syngja inn á sólóplötur.

„Ég er búin að læra mikið í þessu námi og vil eiga möguleika á að semja tónlist fyrir kvikmyndir, prodúsera plötur fyrir aðra og fleira. Svo þegar ég verð gömul get ég kannski farið að semja strengjarkvartetta. Það er skemmtilegast að hafa nóg að gera.“

Og hvað ætlar Hafdís svo að gera að útskrift lokinni?

„Ég hef ekki hugmynd um hvað ég geri þá. Mig langar heim út af vinum og fjölskyldu, en það er meira að gera í tónlist úti. Ég þekki marga tónlistarmenn þar, svo kem ég til með að flakka á milli.“

Valur Gunnarsson





NJÓTTU LÍFSINS
MEÐ HEILBRIGÐUM
LÍFSSTÍL



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust. Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



KEA
Skyr



FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

ÍSLENSKAR

FYRIRSÆTUR Á INDLANDI

FORD-KEPPNIN 2005

ÞÆR EVA, HEIÐA RÚN OG TINNA HAFU VERIÐ AÐ GERA ÞAÐ GOTT Á INDLANDI



Þær Eva Eiríksdóttir, Heiða Rún Sigurðardóttir og Tinna Bergsdóttir eru starfandi fyrirsætur á Indlandi á vegum Eskimo. Aðeins eru þrjú mánuðir frá því Eskimo færði út kvíarnar til Indlands og hafa stelpurnar þrjár náð mjög langt á þeim skamma tíma sem þær hafa dvalið í landinu.

Tinna er andlit Levi's á Indlandi og er leiðandi í auglýsinga-herferð þeirra og hvert sem lítið er má finna andlit Tinnu. Óhætt er að segja að þessa tvítuga stúlka frá Hafnafirði sé orðin þekkt í landinu því auk þess gerði hún 10 síðna tískuþátt fyrir ELLE-bláðið fyrir skemmstu.

Þær Eva og Heiða hafa látið að sér kveða í Bollywood, sem er miðstöð skemmtanaíðnaðarins á Indlandi. Heiða er ballettdansari og hefur tekið þátt í tónlistarmyndböndum meðal annars, á meðan Eva hefur unnið fyrir Tuskan verve(ATH!!! STAFSETNINGU) og verið í öllum blöðum þar í landi.

Stelpunum líður öllum mjög vel og til að mynda Tinna sem unnið hefur í New York vill mun frekar starfa á Indlandi en Stóra eplinu eins og New York er gjarnan kölluð.

Þegar Sirkus Reykjavík ætlaði að hafa sambandi við stelpurnar voru þær uppteknar við myndatökur á Indlandshafi.

STELPURNAR STANDA SIG ROSALEGA VEL

„Stelpurnar eru búnar að standa sig alveg rosalega vel,“ segir Tinna Aðalbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Ford-keppninnar sem haldin verður í Loftkastalanum þann 24. nóvember. „Við byrjuðum á því að senda þær á alls konar fyrirlestra. Þær fóru til dæmis til Eddu Ýrar og Ólmu hjá Form.go.is þar sem rætt var við þær um átraskanir.“ Einnig hafa stúlkurnar tekið þátt í alls konar sýningum, bæði myndatökum og tískusýningum. Tinna hefur verið að þjálfa

stúlkurnar og séð um sjónvarpsþáttinn Ford-fyrirsætan sem sýndur er á sjónvarpsstöðinni Sirkus.

Hver er þælingin með sjónvarpsþáttunum?

„Okkar þæling með sjónvarpsþáttunum var að leyfa fólki að fylgjast með stelpunum alveg frá upphafi til enda og sjá algjörlega um hvað þetta snýst. Þetta er ekkert líkt sjónvarpsþáttunum America's Next Top Model,“ segir Tinna.

Það eru Gallerí Sautján, Centrum, GS skór,

Kúltúr og Smash sem munu sjá um fatnað stelpnanna í keppninni. DJ Margeir mun sjá um tónlistina. Kynnarnir verða ekki af verri kantinum en það eru þau Dj Sóley og Frosti Logason í Mínus.

Sú stúlka sem vinnur hérna heima fer til New York þann 13. janúar og keppir í Supermodel of the World. „Þetta er vikuprógramm og við munum fylgjast grannt með henni.“

TINNA AÐALBJÖRNSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI FORD-KEPPNINNAR 2005.





FORD-KEPPNIN ÁRIÐ 2005 VERÐUR HALDIN Í LOFTKASTALANUM FIMMTUDAGINN 24. NÓVEMBER OG HEFST KEPPNIN KL. 20.30. KYNNAR KVÖLDSINS VERÐA DJ SÓLEY OG FROSTI LOGASON ÚR MÍNUS. DJ MARGEIR SÉR UM TÓNLISTINA. MIÐASALA FER FRAM Í SAUTJÁN KRINGLUNNI, LOFTKASTALANUM OG Á SKRIFSTOFU ESKIMO. MIÐAVERÐ: 1000 KRÓNUR. SIRKUS RVK KYNNIR TIL LEIKS STÚLKURNAR SEM TAKA ÞÁTT Í ÁR.




FORD-KEPPNIN 2005



Ljósmyndari: Gúndi Stílisti: Alda B Förðun: Fríða María & Guðbjörg Huldís Hár: Fríða María á bum ble&bumble, Emilia á Center, Páína á Center og Arndís hjá Salahári.

DÓMNEFNDIN



Svava Johansen úr Sautján
Björn Sveinbjörnsson Ford fyrirsæta
Svavar Örn Hárgreiðslumeistar
Steinunn Sigurðardóttir Fatahönnuður
Andrea Brabin eigandi Eskimo
Ásta Kristjánsdóttir eigandi Eskimo

Robert Knapp frá Ford skrifstofunni

SIRKUS RVK KYNNIR KEPPENDUR Á NÆSTU SÍÐUM

NAFN: Helga Lovísa K. Einarasdóttir
ALDUR: 16 ára
HÆÐ: 181cm
SKÓLI: Verslunarskóli Íslands
KÆRASTI: Nei
ÁHUGAMÁL: Vera með vinum, djamma og kúra.
FYRIRMYND: Helga fráenka
FLUGVÖLLURINN Í VATNSMÝRINI: Hef eiginlega enga skoðun á því.
BACHELORINN EÐA ÁSTARFLEYIÐ: Ástarfleyið
EF ÉG VINN PÁ..... verð ég voða ánægð, ekkert búin að hugsa það langt.



HELGA LOVÍSA



Hressir, bætir, kætir



...sex ferskar ástæður fyrir Opal – sykurlausum

LÁRA MARGRÉT MÖLLER



NAFN: Lára Margrét Möller

ALDUR: 16 ára

HÆÐ: 173 cm

SKÓLI: Verslunarskóli Íslands

KÆRASTI: Nei

ÁHUGAMÁL: Badminton, vinir, ferðast og fótbolti. Eg æfi með KR.

FYRIRMYND: Held, bara að það sé ég sjálf og reyni ekki að haga mér eftir einhverjum öðrum

EINKAVÆÐING RÍKISSTOFNANA: Veit bara ekkert um það.

STRÁKARNIR EÐA STELPURNAR: Stelpurnar

EF ÉG VINN ÞÁ..... æðislegt

BRYNDÍS HELGAÐÓTTIR



NAFN: Bryndís Helgadóttir

ALDUR: 16 ára

HÆÐ: 178 cm

SKÓLI: Borgarholtsskóli

KÆRASTI: Nei

ÁHUGAMÁL: Jazzballett, páfagaukurinn minn, fjölskyldan mín, vinir og að fara á kaffihús.

FYRIRMYND: Mamma mín.

STYTTING Á STÚDENTINUM: Ég er á móti því.

KRINGLAN EÐA SMÁRALIND: Krínglan.

EF ÉG VINN ÞÁ..... þakka ég og fer út og verð rosa glöð.

FORD-KEPPNIN 2005

VALA HAFSTAD



NAFN: Vala Hafstad

ALDUR: 20 ára

HÆÐ: 170 cm

SKÓLI: Nei, ég er að vinna í StúdíóStafn.

KÆRASTI: já, Gunnar Kristinsson.

ÁHUGAMÁL: Ljósmyndun, ferðast, tungumál og vera í góðra vinahópi.

FYRIRMYND: Nei, engin spes.

VIRKJANIR Á HÁLENDINU: Ég er búin að pæla mikið í þessu en er ekki alveg búin að mynda mér skoðun. En eins og staðan er í dag, þá er ég á móti.

PARIS HILTON EÐA HILLARY CLINTON: Hillary Clinton.

EF ÉG VINN ÞÁ..... er það bara rosagaman, og bónus.

FORD-KEPPNIN 2005

CARITA SHER



NAFN: Carita Sher

ALDUR: 16 ára

HÆÐ: 176 cm

SKÓLI: Nei, ég er að vinna í Zöru.

KÆRASTI: Nei

ÁHUGAMÁL: Vinir, tónlist og að skemmta mér.

FYRIRMYND: Mamma mín.

EIGA SAMKYNNHNEIGÐIR AÐ FÁ AÐ ÆTTLEIÐA: Nei, mér finnst það bara ekki rétt, börn þurfa að eiga bæði pabba og mömmu.

BURGER KING EÐA MCDONALDS: McDonalds.

EF ÉG VINN ÞÁ..... mun ég fara til New York.

LAUFey MJÖLL HELGAÐÓTTIR



NAFN: Laufey Mjöll Helgadóttir

ALDUR: 16 ára

HÆÐ: 180 cm

SKÓLI: Menntaskólinn við Hamrahlíð

KÆRASTI: Nei

ÁHUGAMÁL: Snjóþretti, skóli og ferðast.

FYRIRMYND: Engin

HLYNNT EÐA Á MÓTI RÍKISTJÓRNINNI: Á móti, ekki sammála skoðunum þeirra eins og er.

SUMAR EÐA VETUR: vetur

EF ÉG VINN ÞÁ.... er það gaman.

FORD-KEPPNIN 2005

HEIÐRÚN HAFLIÐADÓTTIR



NAFN: Heiðrún Hafliðadóttir

ALDUR: 16 ára

HÆÐ: 176 cm

SKÓLI: Menntaskólinn í Kópavogi.

KÆRASTI: Nei

ÁHUGAMÁL: Vera með vinum og hafa gaman.

FYRIRMYND: Mamma mín.

LÉTTVÍN OG BJÓR Í BÚÐIR: Alveg sama.

IDOL EÐA SO YOU THINK YOU CAN DANCE: So you think you can dance.

EF ÉG VINN ÞÁ..... verður bara rosa gaman.

OASIS

GALLABUXUR



AMBER JEAN
7.990



SCARLETT CROPPED
6.990



SCARLETT JEAN
7.990



AMETHYST JEAN
6.990



SAPHIRE JEAN
8.990



GARNETT JEAN
7.990

oasis

KATARZYNA WIKTORIA



NAFN: Katarzyna Wiktorja Wtaszczyk

ALDUR: 16 ára

HÆÐ: 177 cm

SKÓLI: Menntaskólinn í Hamrahlíð.

KÆRASTI: Nei

ÁHUGAMÁL: Ferðalög, fólk og tónlist.

FYRIRMYND: Engin fyrirmynd.

STYTTING Á STÚDENTINUM: Er á móti að stytta í 3 ár.

KRINGLAN EÐA SMÁRALIND: Hvorugt.

EF ÉG VINN ÞÁ..... ætla ég að fá mér kaffi.

ALEXANDRA KRISTJÁNSDÓTTIR



NAFN: Alexandra Steinunn Kristjánsdóttir

ALDUR: 17 ára

HÆÐ: 175 cm

SKÓLI: Nei, er að vinna í Erotica Shop.

KÆRASTI: Nei

ÁHUGAMÁL: Dans og tónlist.

FYRIRMYND: Pabbi minn.

VIRKJANIR Á HÁLENDINU: Er á móti því.

PARIS HILTON EÐA HILLARY CLINTON: Paris Hilton.

EF ÉG VINN ÞÁ..... ætla ég njóta þess sem allra best.

FORD-KEPPNIN 2005

MATTHILDUR LIND MATTHÍASDÓTTIR



NAFN: Matthildur Lind Matthíasdóttir

ALDUR: 16 ára

HÆÐ: 178 cm

SKÓLI: Menntaskólinn í Reykjavík.

KÆRASTI: Nei

ÁHUGAMÁL: Vinir mínir og tónlist.

FYRIRMYND: Nei, engin sérstök.

EIGA SAMKYNNHNEIGÐIR AÐ FÁ AÐ ÆTTLEIÐA: Já, mér finnst ekkert að því.

STRÁKARNIR EÐA STELPURNAR: Strákarnir

EF ÉG VINN ÞÁ..... ætla ég að hafa bara gaman af því.

FORD-KEPPNIN 2005

ALMA HRÖNN ÁGÚSTSDÓTTIR



NAFN: Alma Hrönn Ágústsdóttir

ALDUR: 16 ára

HÆÐ: 177 cm

SKÓLI: Flensburg

KÆRASTI: Já. Hann heitir Haraldur.

ÁHUGAMÁL: Tónlist, vinir og snjóbretti.

FYRIRMYND: Engin sérstök.

MEÐ EÐA Á MÓTI RÍKISSTJÓRNINI: Bæði og.

SUMAR EÐA VETUR: Sumar fyrir sól og vetur fyrir snjóbretti.

EF ÉG VINN ÞÁ..... fer ég til New York.

MARÍA BUILIEN JÓNSDÓTTIR



NAFN: María Builien Jónsdóttir

ALDUR: 16 ára

HÆÐ: 174 cm.

SKÓLI: Verslunarskóli Íslands

KÆRASTI: Já.

ÁHUGAMÁL: Píanó, snjóbretti, vinnan og fara út með vinum.

FYRIRMYND: Á enga sérstaka fyrirmynd.

LÉTTVÍN OG BJÓR Í BÚÐIR: Ég sé ekkert að því að leyfa það í búðir.

BACHELORINN EÐA ÁSTARFLEYIÐ: Ástarfleyið frekar. Bachelorinn er soldið hallærislegur.

EF ÉG VINN ÞÁ..... verð ég mjög hissa.

SIGRÍÐUR SOFFÍA HAFLIÐARDÓTTIR



NAFN: Sigríður Soffía Hafliðardóttir

ALDUR: 16 ára

HÆÐ: 178 cm

SKÓLI: Menntaskólinn í Hamrahlíð

KÆRASTI: Nei

ÁHUGAMÁL: Dans, kór, píanó, tónlist og vinir.

FYRIRMYND: Vinkonur og frægt fólk

FLUGVÖLLURINN Í VATNSMÝRINI: veit ekki alveg, er ekki búin að mynda mér skoðun

BACHELORINN EÐA ÁSTARFLEYIÐ: Ástarfleyið

EF ÉG VINN ÞÁ..... Mun vera mjög hamingjusöm manneskja.

FORD-KEPPNIN 2005

Komdu og reynsluaktu nýjum Suzuki SWIFT bíl ársins 2006



Hugtök, Nóv. 05

**VERÐ 1.479 ÞÚS.*
15.519 Á MÁNUÐI****

BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL
ÁRSINS
2006
BÍLABLAÐAMANNA



 **SUZUKI**
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is

* 1,5 GL beinskiptur ** Bítasamningur Gítinis með 30% útborgun og eftirstöðvum í 84 mánuði. 50% erlend mynt, 50% íslensk mynt.

VALDÍS ÞÓRÐARDÓTTIR



NAFN: Valdís Þórðardóttir

ALDUR: 18 ára

HÆÐ: 178 cm

SKÓLI: Menntaskólinn við Hamrahlíð

KÆRASTI: Já, Þórður Guðmundur Hermannsson.

ÁHUGAMÁL: Tónlist og ljósmyndun.

FYRIRMYND: Mamma mín, hún er besta og sú fallegasta.

STUÐLA SÚLUSTADIR AÐ KVENFYRIRLITNINGU: Að einhverju leyti en ekki öllu, ég virði alveg vel þeirra og ætla ekki að vera að dæma þær sem kjósa sér þennan starfsvettvang eins og ég vil ekki láta dæma mig og það sem ég vel mér.

ÍSLAND Í DAG EÐA KASTLJÓSIÐ: Ísland í dag.

EF ÉG VINN PÁ..... vá, bara hafa gaman af og njóta þess í framtíðinni.

FORD-KEPPNIN 2005

ÍRIS TARA STURLUDÓTTIR



NAFN: Íris Tara Sturludóttir

ALDUR: 16 ára

HÆÐ: 177 cm

SKÓLI: Menntaskólinn við Sund

KÆRASTI: Enginn í augnablikinu.

ÁHUGAMÁL: Vinir mínir og tónlist.

FYRIRMYND: Ég á mér margar fyrirmyndir. Engin ein sérstök.

EINKAVÆÐING RÍKISSTOFNANA: Ég er ekki alveg búin að mynda mér skoðun á því máli.

MCDONALDS EÐA BURGER KING? McDonalds.

EF ÉG VINN PÁ..... ætla ég að meika það.



KREFJANDI

FYRIR 15 ÁRA FEIMNA STELPU

Ford-keppnin gerði hlutina miklu auðveldari fyrir mig," segir Margrét Una Kjartansdóttir, Malla, sem vann Ford-keppnina árið 1999. Sigurinn í keppninni gaf Möllu óneitanlega forskot á aðrar stúlkur sem voru að reyna fyrir sér í fyrirsætubröndum. „Eftir keppnina var ég sjálfkrafa komin á skrá hjá Ford í bæði París og New York. Þá gat ég farið út strax og unnið hjá þessum skrifstofum," segir Malla. Fyrst um sinn stundaði Malla einungis fyrirsætustörf á sumrin meðan hún var í námi í Menntaskólanum við Sund. „Þá fór ég á hverju sumri út að vinna. Eftir að ég kláraði menntaskólann fór ég að vinna við þetta allt árið," segir Malla.

Hvernig hefur það gengið?

„Það hefur gengið mjög vel. Ég fór fyrst til Parísar í hálft ár. Flutti svo yfir til New York þar sem ég var í tvö ár. Nú er ég komin aftur til Parísar.“

Er mikill munur að vinna á þessum stöðum? Hvaða munur?

„Já, það er mikill munur fyrir mig. Einhverra hluta vegna vinn ég meira í París en það er erfitt að segja hver ástæðan fyrir því er.

París er mikið afslappaðri borg finnst mér og það er mjög gott að vinna hérna. Svo er mikið úrval af allskonar magasínum og katalógum, og vinnan er mjög fjölbreytt. Aðalvandamálið er bara franskan. Frakkarnir hafa ekki þolinmæði í að hlusta á frönskuna mína," segir Malla og hlær.

FIMMTÁN ÁRA OG FEIMIN

Hún segir það hafa verið mjög gaman að taka þátt í keppninni. „Við gerðum ýmislegt skemmtilegt saman og ég kynntist fínun stelpum. Fram að keppninni hafði ég ekki verið á sviði og yfirleitt ekki mikið fyrir að troða mér fram í sviðsljósið. Svo það var mjög krefjandi fyrir mig sem 15 ára feimna stelpu að taka þátt í keppninni. Það gerði engu að síður mikið fyrir mig og ég eftast um að ég væri að vinna sem fyrirsæta í dag hefði ég ekki slyst í þessa keppni.“

Nú ertu mikið í burtu frá Íslandi. Langar þig ekkert að flytja heim aftur?

„Jú, ég hugsa oft til þess og sakna auðvitað allra heima," segir Malla sem hefur aðallega samband við vini sína gegnum MSN og Skype. Vinkonur hennar eiga það til að bregða sér upp í flugvél ef buddan leyfir og heimsækja hana. „Þær



komu að heimsækja mig til New York og systir mín. Pabbi og bróðir minn hafa svo heimsótt mig hingað til Parísar. Nú þarf ég bara að fá mömmu í heimsókn," segir Malla.

FERÐAST UM FRAMANDI SLÓÐIR

Malla mun á morgun halda til Marokkó þar sem hún fer í myndatöku fyrir Marie Claire. „Ég er mjög spennst fyrir því," segir Malla sem hefur ferðast víða í tengslum við starfið. Hún fór til Kúbu fyrir síðustu jól og Höfðaborgar (Cape Town) í Suður-Afríku um svipað leyti. Síðasta sumar fór hún um öll Bandaríkin og segir Malla að það hafi líka verið viss upplifun.

Hvaða staður stendur upp úr?

„Kúba," segir Malla án umhugsunar. „Það var ótrúlega skemmtileg ferð. Þar sá ég tvær hliðar á staðnum. Bæði Havana þar sem var allvöru kúbversk stemning og svo aftur verstu

túristastaði þar sem brenndir Þjóðverjar og Kanadamenn lágu og létu sólina grilla sig á ströndinni.“

HEF FENGIÐ ÞESSA SPURNINGU ÁÐUR...

Það er ekki hægt að kveðja stórfyrirsætu án þess að biðja hana um að gefa ungum fyrirsætum heilræði. „Ég hef verið spurð að þessu áður og á það til að klúðra þessu alveg," segir Malla og hlær. „Sagði einu sinni að þær ættu bara að skemmta sér, kom mjög asnalega út þó svo að ég hafi verið að meina að þær ættu að hafa gaman af þessu og njóta þess að ferðast, nýta það sem þetta starf hefur upp á að bjóða," segir Malla og hefur gaman af því að rifja þetta upp. „Ég held að hver og einn finni það út um hvað þetta starf snýst.“

Sólmundur Hólm Sólmundarson



FORD-KEPPNIN 2005

EKKI GOTT AÐ BYRJA OF UNG

VERÐUR AÐ STANDA Á SÍNU

Í Ford-keppninni í fyrra lenti hin 18 ára Reykjavíkurmær Soffía Dóra Jóhannsdóttir í öðru sæti og er búin að vera á ferð og flugi síðan. „Síðasta sumar fór ég til Milanó að vinna fyrir skrifstofu sem heitir Fashion. Það var mjög gaman. Reyndar fyrst þegar ég kom þangað var ég frekar svona smeyk við þetta allt saman, nýtt fólk og nýtt umhverfi. Síðan þegar maður komst inn í þetta varð þetta bara frekar gaman.“

Í dag er Soffía á þriðja ári í Menntaskólanum í Reykjavík og einnig í Tónlistarskólanum að læra að syngja og að spila á píanó. Inn á milli tekur hún að sér módelverkefni og segir að þetta sé góður aukapeningur. Soffía segir að módelbransinn sé rosalega persónubundinn fyrir hverja og eina manneskju. Þetta er greinilega ekki fyrir hvern sem er að standa í.

„Ef maður ætlar að komast áfram í þessum bransa verður maður að læra að standa á sínu og ekki láta vaða yfir sig. Annars er þetta mjög gaman.“



SKEMMTILEG REYNSLA

Dagbjört Ylfa Geirsdóttir hefur sést mikið í Íslenskum auglýsingum en hún keppti einmitt árið 1998 í Ford-keppninni og lenti þar í öðru sæti. „Ég var beðin um að taka þátt og vissi eiginlega ekkert hvað módelstörf voru fyrir það, ég var svo ung, ég var bara 13 ára sem var eiginlega mjög ungt,“ segir Ylfa.

Eftir keppnina fór hún til London, og í kjölfarið fékk hún ótal verkefni og ferðaðist út um allan heim.

„Þetta var skemmtileg reynsla og ég lærði mikið af þessu. Þekktustu tímaritin sem ég hef unnið fyrir eru ítalska Vouge, ID, Face og Elle. Í dag er ég að vinna á lagernum hjá Spútnik, ég er þar að flokka fót en einnig tek ég að mér ýmis verkefni,“ segir Ylfa að lokum.

ELÍSABET DAVÍÐS-DÓTTIR HEFUR NOTIÐ MIKILLAR VELGENGNI Í FYRIRSÆTUGEIRANUM YTRA. HÚN VAR VALIN FORD-STÚLKAN ÁRIÐ 1994. HÚN HEFUR STARFAÐ NÁNAST SLEITULAUST VIÐ FYRIRSÆTUSTÖRF ALLAR GÖTUR SÍÐAN. SIRKUS HEYRÐI Í HENNI HLJÓÐIÐ Í TILEFNI FORD-KEPPNINNAR Í ÁR.



HVAÐ GERÐI FORD-KEPPNIN SJÁLF FYRIR ÞIG?

„Eiginlega bara allt og ekkert. Keppnin sjálf gerði í rauninni ekkert fyrir mig en auðvitað væri ég ekki hér í dag ef ég hefði ekki farið í keppnina. Þegar ég var í keppninni á sínum tíma var mjög lítið gert úr henni. Meðal verðlauna var testmyndataka hjá Ford í París, en þegar ég kom þangað vissi enginn neitt,“ segir Elísabet Davíðsdóttir sem vann Ford-keppnina 1994. „Beta er að líta á keppnina sem atvinnuviðtal. Þetta er ekki eins og fegurðarsamkeppni þar sem þú tekur þátt og svo er bara allt búið. Skrifstofurnar eru að leita að nýjum talentum og andlitum. Þú mátt alveg eiga von á því að einhver taki eftir þér og þá þarftu bara að pakka öllu niður og fara.“

Elísabet var átján ára þegar hún vann keppnina. „Það var finnr aldur. Ég er mjög á móti því að stelpur séu of ungar þegar þær byrja, til dæmis er fjórtán ára allt of ungt.“ Hún segir að aldur stúlkna í fyrirsætubröndum fari jafnvel lækkandi. „Ég sé alveg niður í 13 ára stelpur. Mér finnst að þær megi alveg bíða. Ef þær eru sérstakar fjórtán ára eru þær alveg jafn sérstakar 18 ára,“ segir Elísabet og bendir á að margar þær stelpur sem byrji ungar eigi til að brenna út snemma. Jafnvel fara út í notkun eiturlyfja. „Ég meina, sjáði bara Kate Moss. Ég veit ekki um neina stelpu sem hefur byrjað 14-15 ára og ekki lent í neinu. Þá er ég að tala um eiturlyf og átraskanir.“

Elísabet hefur ekki starfað sleitulaust við fyrirsætustörf frá því að hún vann

Ford-keppnina, kláraði fyrst stúdentinn en fór út á sumrin meðan hún var í skóla. Síðan þá hefur hún verið að.

ERT ÞÚ AÐ GERA EITTHVAÐ ANNAD EN AÐ SITJA FYRIR?

„Já, ég er náttúrulega orðin mamma sem er alveg yndislegt, hann er orðinn níu mánaða strákurinn. Svo er ég líka að læra ljósmyndun.“

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ VERA LENGI Í BRANSANUM?

„Ég ætlaði að hætta þegar ég varð ólétt og fara að snúa mér að náminu en svo er alltaf erfitt að hætta.“

EINHER RÁÐ FYRIR ÞÆR SEM ERU AÐ BYRJA FERILINN SINN?

„Aðallega að vera kurteis, almennileg og ekki djamma of mikið.“

-KRV

ALHLIÐA UMBOÐSSKRIFSTOFA



Ásta Kristjánsdóttir er einn af eigendum Eskimo sem er nú starfrækt í fimm löndum utan Íslands. Hún stofnaði fyrirtækið fyrir hálfgerða tilviljun fyrir tíu árum. „Ég datt algjörlega óvart inn í þetta. Ég var að vinna sjálf sem fyrirsæta en fór svo að hjálpa íslenskum fyrirstætum að komast að hjá erlendum aðilum. Svo hélt boltinn áfram að rúlla og úr varð Eskimo.“

Starfsemi fyrirtækisins hefur breyst mikið á skömmum tíma og í dag erum við ekki eingöngu með umboðsskrifstofu fyrir fyrirsætur, heldur einnig stílista, ljósmyndara, leikstjóra, leikara og nú má segja að við séum með starfræktu alhliða umboðsskrifstofu.“

Datt þér í hug fyrir tíu árum að fyrirtækið ætti eftir að vaxa jafn hratt og raun varð?

„Nei, mér datt það aldrei í hug,“ segir Ásta sem er nýkomin frá Indlandi þar sem nýjasta skrifstofa fyrirtækisins opnaði fyrir skemmstu. Þær íslensku stúlkur sem hafa verið sendar þangað hafa gert það mjög gott þar í landi. Auk Indlands er Eskimo starfrækt í Tékklandi, Slóvakíu, Brasilíu, Rússlandi og auðvitað á Íslandi.

Eskimo gengur sérlega vel í Brasilíu þar sem ein þekktasta fyrirsæta þar í landi, Solange, er á samningi hjá Eskimo. Sú er aðalandlit Gucci-herferðarinnar sem sjá má í flestum tímaritum út um allan heim.

ÓDÝRARI TÍMARIT

Yfir 300 titlar á miklu lægra verði

Gerðu verðsamanburð



Allt að 200% verðmunur!*

*miðað við hæsta verð hjá samkeppnisáðilum



Alltaf ódýrastur!



Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14

Office 1 Superstore

LABBA Í BANKANN EÐA ÁRSKORT Í LÍKAMIS RÆKT?

Þú getur látið villtustu drauma þína rætast ef þú vinnur í Lottó. Með **LOTTÓ Í ÁSKRIFT** gætir þú auk þess hreppt einn af 30 glæsilegum aukavinningum.

ÁSKRIFTAR
LEIKUR
LOTTÓ

Taktu **LOTTÓ Í ÁSKRIFT** á lotto.is og þú gætir unnið:

- árskort í líkamsrækt
- borgarferð fyrir tvo
- DELL fartölvu
- kvöldverð fyrir tvo

WorldClass
ICELAND



lotto.is

Jeff Lindsay mætir mér þegar ég geng inn á Hótel Borg. Hann er rithöfundur á fimmtugsaldri og skrifar skáldsögur um morðóðan blóðmeinafræðing. Sögurnar hafa notið mikilla vinsælda. Fyrsta bókin, Dexter í dimmum draumi, kom nýlega út á íslensku.

GUÐFÆÐUR OG HEFND

Fundur okkar inniheldur ekkert brennivín og afar lítið rokk þrátt fyrir að Lindsay spili í hljómsveitinni Wildfire og gerði margar heiðarlegar tilraunir til að gerast rokkstjarna áður en rithöfundarferillinn tók við. Hann starfaði einnig sem strandvörður, einkaspjari og garðyrkjumaður. En hver er þessi maður sem dreymir dimma drauma um Dexter? Hver er Dexter og hvers vegna drepur hann fólk?

„Eins og var sagt í fyrstu Guðföðursmyndinni „The Beat up my daughter and I want you to kill them.“ Dóninn svarar því að slíkt sé ekki réttlæti, það sé hefnd. Fólk vill alltaf hefna sín margfalt. Það þarf alltaf að toppa hinn aðilann. Öll búum við yfir þessum eiginleikum en sem betur fer bregðast ekki allir við á þann hátt. Dexter gerir það.“

Dexter vinnur hjá löggunni á daginn og drepur grunaða glæpamenn á næturnar. „Hann kemst upp með þetta vegna þess að hann gengur um með bindi og er alltaf fljótur að ná í kleinuhringi handa öllum. Fólk dæmir allt eftir útliti.“

KVIKMYNDAMÓGÚLLINN JACK THE RIPPER

Lindsay er með þriðju bókina um Dexter í smíðum, svo hann hlýtur því enn að leika lausum hala. Er ekki hættu á að fólk misskilji ádeiluna og túlki það sem svo að fjöldamorð borgi sig?

„Dexter er ekki góður, hann drepur fólk. En ég reyndi að gera hann eins mannlegan og ég gat. Flestir fjöldamorðingjar sem nást, eins og Dave Berkowitz, vilja næstum því láta ná sér. Hvað myndi gerast ef það væri einhver klár gaur sem myndi ekki vilja koma upp um sig?“

Einn þekktasti fjöldamorðingi sögunnar, Jack the Ripper, náðist aldrei. Sumir halda því fram að hann hafi flutt til Bandaríkjanna og haldi iðju sinni þar áfram...

„Sjálfur held ég að hann hafi flutt til Kaliforníu og stofnað kvikmyndaver,“ segir Lindsay.

EINKASPJARI OG STRANDVÖRÐUR

Hugmyndin um Dexter varð til á Kiwanisfund.

„Ég hafði gefið út eina lítt þekkta bók, Tropical Depression, ásamt eiginkonu minni og kenndi áfanga um ritlist í háskóla í Flórída. Ég var því fenginn til að halda fyrirlestur í Kiwanisklúbbnum um listina að skrifa og þegar ég stóð þarna inni hvarflaði að mér að fjöldamorð væru ekki endilega svo slæm.“

Einn af meðspilurum Lindsay í hljómsveitinni er prestur og annar einkaspjari, en Jeff vann sem einkaspjari um tíma. „Þetta er eitt leiðinlegasta starf í heimi þar sem maður eyðir mestum tímanum í að gramsa í skjala-söfnum eða horfa á lokaðar bakhurðir. Það var meira spennandi að vera strandvörður þar sem ég þurfti eitt sinn að teyma sextán börn undan stóröldu sem til allrar hamingju sneri svo í aðra átt.“

ATLANTIS SKOLAÐ Í BURTU Í FLÓÐI

Lindsay er giftur inn í fjölskyldu stórskáldsins Ernest Hemingway, en afi eiginkonu hans var bróðir Hemingways. „Bróðir hans skrifaði bók um rithöfundinn og notaði fjármagnið til að kaupa sér eyju sem hann kallaði Nýju Atlantis. Hann lét prenta gjaldmiðil og frímerki og var búinn að byggja hana upp sem sérstakt ríki en rétt áður en átti að flytja til eyjunnar skolaði öllu í burtu í flóði.“

Hemingwayarnir hafa löngum verið þekktir fyrir mikla karlmennsku, enda allir áhugamenn um box og veiðar. „Konan mín sagðist reyndar hafa byrjað með mér vegna þess að ég væri fyrsti karlmaðurinn sem hún hafði verið með sem hún gat ekki lamið. Woody Allen var að slá sér upp með Mariel Hemingway, sonardóttur Ernest, á þeim tíma sem hann gerði myndina Manhattan sem hún lék í. Það eru til myndir af honum þar sem hann er með ríffil eða veiðistöng að reyna að kynnast síðum fjölskyldunnar. Hann gafst upp og fór aftur til New York eftir tólf tíma.“

BLÓÐMEINATAEKNI OG FJÖLDAMORÐINGI

JEFF LINDSAY SKRIFAR BÆKURNAR UM FJÖLDAMORÐINGJANN DEXTER SEM SLEGIÐ HAFAR RÆKILEGA Í GEGN. NÚ STENDUR EINNIG TIL AÐ GERA SJÓNVARPSÞÆTTI UM DEXTER. JEFF LINDSAY ER GIFTUR INN Í HEMINGWAYFJÖLSKYLDUNA ÞAR SEM KARLMENNSKAN ER HÖFÐ Í FYRIRRÚMI EN WOODY ALLEN ENTIST EKKI LENGI Í FJÖLSKYLDUNNI ÞEGAR HANN VARÐ SKOTINN Í SONARDÓTTUR HEMINGWAY.



SIX FEET UNDER OG SOPRANOS

Um þessar mundir er Dexter á leiðinni á litla skjáinn.

„Það er núna verið að gera sjónvarpsþætti þar sem einn handritshöfundur Sopranos skrifar handrit og Michael C. Hall úr Six Feet under fer með aðalhlutverk. Ég hef skrifað leikrit og séð uppsetningar á verkum mínum áður þar sem maður vildi helst bíta blýant í sundur, en Hall hefur lesið bækurnar, ólíkt því sem margir aðrir leikarar gera. Það er ákveðinn

taktur í öllu því sem ég skrifa og leikararnir virðast átta sig á honum. Ég tengist lítið sjálfum þáttunum en væri til í að skrifa eins og einn þátt á ári. Það besta við þetta allt er að meðan þættirnir ganga fæ ég laun fyrir að gera ekki neitt. Það gefur mér mun meiri tíma til að renna fyrir fisk.“

Hvernig fer fyrir Dexter á endanum?

„Ætli hann endi ekki á Death Row og síðasta bókin verði endurminningar hans þaðan.“

Valur Gunnarsson



SAGAN HENNA SIGGU

Út er komin tvöföld plata með Sigu Beinteins sem spannar lög frá öllum hennar ferli. Sigga hóf fyrst upp raust sína árið 1980 og síðan hefur hún sungið inn á margar plötur. Á þessari tvöföldu plötu Sigu eru allir helstu slagarar hennar frá þessum tíma, s.s. Vertu ekki að plata mig, Eitt lag enn og Nei eða já. Sigga hefur náttúrulega gert það gríðargott síðustu áratugin og sérstaklega vakti framgang hennar með Stjórninni athygli og þá fór hún auðvitað langt í Eurovision í tvígang að ógleymdri þeirri staðreynd að hún hefur nú verið gerð ódauðleg sem einn af Idol-dómurum.



AIRWAVES-STÖFFIÐ Í SMEKKLEYSU

Fyrir skemmstu lenti ansi skemmtileg sending í Smekkleysu plötubúð á Laugaveginum. Mikkið af breiðskífum hljómsveitanna sem léku á Airwaves-hátíðinni að þessu sinni eru komnar í búðina, s.s. The Fiery Furnaces, Architecture in Helsinki og Annie. Þar fyrir utan er auðvitað fullt af öðru áhugaverðu stöffi komið í Smekkleysu, meðal annars mikkið af því sem útgáfufyrirtækið sjálft gefur út á árinu. Svo eru alltaf tónleikar á föstudögum í Smekkleysu plötubúðinni sem ókeypis er inn á þannig að það er um að gera að gera sér ferð þangað.



ENSÍMI ENN AÐ

Strákarnir í hljómsveitinni Ensími eru enn að vinna að nýjstu plötunni sinni sem væntanleg er í verslanir á næsta ári. Ensími nýtti tækifærið á nýafstaðinni Airwaves-hátíð og lék fjölda nýrra laga í bland við aðeins eldra efni. Var það mál manna að nýja efnið væri með því besta sem heyrst hefði frá sveitinni í langan tíma og biða fjölmargir aðdáendur Ensímis nú spikspennir eftir nýju plötunni.

REYKJAVÍK! ÍSFIRÐINGAR MEÐ BEIN Í NEFINU



FJÁRHAGSLEGIR

Hljómsveitin Reykjavík! hefur verið að vekja á sér athygli undanfarið. Rokkstöðvarnar eru farnar að spila lagið þeirra 7, 9, 13 en þeir hafa einmitt verið að dunda sér við að taka upp plötu síðustu vikur og mánuði. Við mæltum okkur mót við Hauk S. Magnússon, annan gítarleikara sveitarinnar, og forvitnuðumst um meint njálgsvandamál söngvara sveitarinnar, muninn á landsbyggðinni og höfuðborginni auk þess sem minnst var á kisu, ölæði, kvótabörn og fávita á jeppum. **HVAÐ SEGIRÐU, HAUKUR? HVER ERT ÞÚ?**

„Ég er bara svona strákur, held ég. Ég er allavega ekki maður ennþá. Það tekur langan tíma að verða maður. Svo er ég borderlæn alkóhólisti og feta þá þröngu línu sem skilur á milli hversdagsleikans og ölæðisvímu á hverjum einasta degi. Eða allavega um helgar. Svo þykist ég spila á gítar í hljómsveit sem heitir Reykjavík! Ég kann eiginlega ekkert; hef aldrei verið duglegur að æfa mig og er að súpa af því seyð-

ið núna. En mér finnst voða gaman að gera læti og er í raun þeirrar skoðunar að hver sem er geti gert ógnarfallega tónlist hafi hann laglínu í hjartanu og eitthvað að segja í hausnum. Það þarf ekki að vera neitt merkilegt, meira bara svona „Ég hef gaman af lífinu“ eða „Mér finnst leiðinlegt fólk glatað“.

„SVO ER ÉG BORDERLÆN ALKÓHÓLISTI OG FETA ÞÁ ÞRÖNGU LÍNU SEM SKILUR Á MILLI HVERSDAGSLEIKANS OG ÖLÆDISVÍMU Á HVERJUM EINASTA DEGI. EÐA ALLAVEGA UM HELGAR.“

NÚ ERTU AÐ VESTAN. HVERNIG ER ÍSAFJÖRÐUR VS. REYKJAVÍK?

„Ég er alinn upp á Ísafirði og bjó þar þangað til ég var 21 árs held ég. Eða 20. Ég man það ekki. 21 sennilega. Þá flutti ég til

Reykjavíkur. Ég er ástfanginn af Ísafirði og er virkilega heppinn að hafa fengið að alast upp þar, þótt það hafi vitaskuld sína ókosti líka. Æi, ég veit það ekki. Ég er ekki á þeim stað í lífinu að ég myndi vilja búa á Ísafirði, nema kannski til að geta hangið meira með litlu systkinum mínum, þeim Gumma og Salóme sem eru 8 og 10 ára, en það getur og mun væntanlega breytast. Þegar kemur að því að ég þurfi að grafa mig upp úr hlyldýpi eigin rassgats.“

HVAR BYRÐU NÚNA?

„Núna bý ég í Norðurmýrinni með yndislegri stelpu, bestu vinkonu minni í þúsund ár, og þremur kisu. Þær heita Mike, Vaskur og Tígra. Tígra er sko mamman.“

AF HVERJU GETUR ÞOÐS SÖNGVARI EKKI BARA VERIÐ Á SVIÐINU ÞEGAR ÞIÐ ERUÐ AÐ SPILA? HANN ER HLAUPANDI ÚT UM ALLT OG UPP Á ALLA, ÁHORFENDUR LÍKA. HVAD ER ÞETTA? NJÁLGUR?

„Hvaða kjaftæðisspurning er þetta? Það að flytja tónlist á sviði, þegar vel gengur,

MEGASUKK OG KLÁMVÍSUR

Hljómsveitin Megasukk samanstendur af Megasi nokkrum sem varla þarf að kynna fyrir fólki og þeim Gunnari Erni og Hafþóri sem skipað hafa dúettinn Súkkat um nokkurra ára skeið. Samstarfsverkefni þessara manna er svo Megasukkið sem hér er mætt með sýna fyrstu plötu, Hún datt. Hér kveður við nýjan tón í íslenskum skáldskap. Textar þessarar plötu minna helst á Sverri Stormsker því þeir eru grófir í meira lagi og raunar grófari en það sem Sverrir hefur verið að fást við í gegnum tíðina. Á plötunni Hún datt er sungið um lesbíur, saur, þunna feður og fleira misjafnlega skemmtilegt. Það er svo sem ekkert nýtt hjá Megasi, eða Súkkat ef því er að skipta, að vilja vera á þeim kantinum sem hneykslar fólk en á sama tíma njóta virðingar. En hér er greinilega ekki verið að reyna að hneyksla heldur ganga fram af fólki. Og það mun eflaust takast. Ef nokkur annar en Megas hefði sett þessar línur saman hefði fastlega mátt búast við málaferlum og það er svo sem aldrei að vita nema það gerist.

*Komdu fjótt litla ljót
Lasin ertu með fleiðraðan fót
Heppin ertu stúlka að hitta á mig
Ég er í hjálparsveitinni og sprautu þig
L.I.Ó.T.
Liggðu flöt en krepptu hné
L.I.Ó.T.
Glenntu þig svo að sem gleiðust sé*

Svona hljóma fyrstu línurnar í laginu Litla Ljót og textarnir eru flestir í þessum dúr. Það má því með sanni segja að Megasukk feti hér ótroðnar slóðir þegar kemur að textagerð. Það er fátt eftir sem hneykslar í okkar litla samfélagi en hér ráðast Megasukkarnir á sumt af því sem eftir stendur. Niðingsskapur og misnotkun á börnum eru sem sagt orðin að popptextum. Við sjáum hvað gerist í framhaldinu.



MEGASUKK SAMSTARFSVERKEFNIÐ HEFUR SENT FRÁ SÉR SÍNA FYRSTU PLÖTU.



FÁVITAR

REYKJAVÍK! KEMUR MEÐ LÁTUM FRÁ ÍSAFIRÐI

„EN NEI, VIÐ ERUM BARA FJÁRHAGSLEGIR FÁVITAR. ALGJÖR AMATÖRHljÓMSVEIT.“



snýst um hamslausa útrás tilfinninga og kennda. Slitinn gítarstrengur til eða frá breytir engu þar um. Á góðum tónleikum, þá gleymir hljómsveitin sér uppi á sviði, gleymir hver hún er og gleymir heiminum – kristallar einhverja kennd eða tilfinningu. Verður kannski fulltrúi hreinnar reiði, gleði eða sorgar. Þannig vil ég allavega hafa það og ég veit að sú útrás sem Bóas fær á sviðinu er einlæg og algjörlega laus við að vera útreiknuð eða útpæld. Stundum þarf maður bara að vera eins og krakki, bita á lærið og öskra pínulítið. Ef við færum að semja rólegri lög yrði innlifun Bóasar og sennilega mín líka einhverju öðru marki brennd. En meðan við höfum ekki hæfileika til annars en að semja illa spilað, kakófónetískt pönkrokk, þá verður innlifunin einhvernvegin svona á litinn. Annars gæti Bóas vel verið með njálg, ég hef ekki haft nán kynni af hans endaparmi. Þú yrðir að spyrja hann sjálfan, eða Ingumæju.“

HVERNIG GETUR SAMNINGSLAUS HLJÓMSVEIT SEM SAMANSTENDUR AF HEIMSPEKINGUM OG ÁLÍKA IÐJULEYSINGJUM HAFT EFNI Á AÐ TAKA UPP Í GRÓÐURHÚSINU, EINU DÝRSTA HLJÓÐVERI LANDSINS? ER KANNSKI VESTFIRSKT KVÓTABARN Í HLJÓMSVEITINNI?

„Það væri óskandi. Afi minn og pabbi Gumma gítarleikara, sem vill svo til að er einn og sami maðurinn, fékk einu sinni næstum því kvóta. En svo klúðraðist það eitthvað. Annars værum við að taka upp í geimstöð. En nei, við erum bara fjárhagslegir fávitar. Algjör amatörhljómsveit. Málíð er að Gróðurhúsið var eina stúdíóið sem við vissum um og þekktum til í og þess vegna, þegar okkur langaði í stúdíó, lá beinast við að tala við Valgeir. Og Valgeir elskar okkur auðvitað og vill allt fyrir okkur gera, annálaður smekkmáðurinn þekkir tónlistarleg ofurmenni þegar hann sér þau og heyrir í. Fokk, ég meina, ég kaupir mér aldrei bíla eða neitt. Eiginlega ekkert. Þegar þetta er skrifað er ég í fötum sem ég

eignaðist á 15. ári. Og enginn okkar stundar golf eða aðra íþrótt. Það er ekkert víst að við fáum nokkurntímann tækifæri til þess að gera aðra plötu. Þessvegna fannst okkur sniðugt að gera það bara vel. Og fokk peningar. Fokk. Peningar eru fyrir fávita á jeppum.“

ÞAÐ ER EKKERT ANNAÐ. EITTHVAÐ AÐ LOKUM? EINHVER MISSKILNINGUR SEM ÞARF AÐ LEIÐRÉTTA EÐA EITTHVAÐ SVOLEIÐIS?

„Já, kannski eitt sem mér finnst leiðinlegt, það er að fólk virðist hætt að skilja einlægni. Ég á til að hrósa fólki fyrir klæðaburð, fas eða framkomu og alltaf sér fólk ástæðu til þess að móðgast skelfilega – eins og ég hafi bara verið að gera grín að því. Sem er fjarri sannleikanum. Ég held að ef allir tækju sig til og hrósuðu náunganum meira – þó ekki of mikið, þannig að hrósið gildisfélli – þá væri heimurinn betri. En það má líka alveg segja einhverjum að hann sé fáviti. Það verður þó að vera smekklega og fallega gert.“



SJAMPÓIÐ KOMIÐ

Fyrsta plata hljómsveitarinnar Hairdoktor er komin í verslanir og hefur hún fengið nafnið Shampoo. Hairdoktor eru þeir Jón Atli Helgason og Árni Rúnar Hlöðversson en þeir eru ekki alls ókunnugir tónlistarbransanum.

Hairdoktor er verkefni sem upphaflega snérist í kringum sólóverkefni Jóns Atla þegar hann var búsettur í New York en Árni kom inn í Hairdoktor á síðari stigum. Það má í raun segja að Hairdoktor hafi fæðst í upphafi þessa árs þegar Jón Atli fékk nóg af því að standa til hliðar á meðan aðrir tóku alltaf besta plássið á sviðinu. Hann hefur nefnilega spilað á bassa með böndum á borð við Fídel, Forgotten Loes og Bang Gang en er nú sjálfur orðinn að frontmanni.

Hairdoktor spilar á það sem honum dettur í hug og syngur það sem honum dettur í hug. Útkoma þess er platan Shampoo þar sem Hairdoktorinn sjálfur er allt í öllu þótt hann fái reyndar hjálp frá nokkrum vinum, t.d.

Urði Hákonardóttur, Úlfi Chaka og Birki í Forgotten Loes. Hairdoktor hefur undanfarið verið að slípa „liveperformansinn“ sinn til en hljómsveitin hefur nokkrum sinnum komið fram að undanförmu við góðar undirtektir. Hairdoktorinn er að verða fullmótaður á sviði og mun hljómsveitin koma fram á tónleikum víða á næstunni. Lagið Majorlabel er þegar farið að hljóma á útvarpsstöðvum landsins sem og myndband við lagið. Það er Smekkleysa sem gefur þessa fyrstu plötu Hairdoktor út.

JÓN ATLI HELMINGUR HÁRLÆKNISINS.



↙ MEST SELDU LEIKIRNIR



FIFA 2006 KEMUR STERKUR INN Á MARKAÐ. HANN ER Í ÖÐRU SÆTI Í PSP OG XBOX OG LÍKLEGR TIL AÐ KLIFRA UPP LISTANA MEÐ TÍÐA OG TÍMA.



1. SSX ON TOUR
2. FIFA 06
3. TWISTED METAL : HEAD ON
4. WIPEOUT PURE
5. NBA LIVE 06
6. CODED ARMS
7. MARVEL NEMESIS: RISE OF THE IMP...
8. UNTOLD LEGENDS : BROTHERHOOD
9. MIDNIGHT CLUB 3 DUB EDITION
10. PSP LOGIC 3 SOUND GRIP



1. CIVILIZATION 4
2. QUAKE IV
3. STAR WARS BATTLEFRONT 2
4. FOOTBALL MANAGER 2006
5. AGE OF EMPIRES 3
6. CALL OF DUTY 2
7. MOVIES
8. FEAR
9. WORLD OF WARCRAFT
10. THE SIMS 2 NIGHTLIFE



1. STAR WARS BATTLEFRONT 2
2. FIFA 06
3. PRO EVOLUTION SOCCER 5
4. SSX ON TOUR
5. BURNOUT REVENGE
6. TONY HAWK AMERICAN WASTELAND
7. SPARTAN TOTAL WAR
8. GTA SAN ANDREAS
9. HALO 2
10. CLASSIC CRASH BANDICOOT



1. SINGSTAR 80'S
2. STAR WARS BATTLEFRONT 2
3. SINGSTAR 80'S (MEÐ MÍKRAFÓNUM)
4. BUZZ
5. SLY 3 HONOUR AMONG THIEVES
6. EYETOY PLAY 3
7. HARRY POTTER GOBLET OF FIRE
8. FIFA 06
9. GUN
10. EYETOY PLAY 3 CAMERA BUNDL

FLAKKAÐ UM TÍM



BACK TO THE FUTURE 1985

★★★★


Back to the Future myndirnar eru 9. áratugurinn í hnotskurn. Undarlegar hárgreiðslur og gallajakkar, Michael J. Fox og Huey Lewis, Darth Vader og Michael Jackson eftirhermur, allt kemur hér fyrir. Og fyrir þá sem ólust upp á þessum afar vafasama áratug yljur Marty McFly manni um hjartaræturnar eins og aðeins Luke Skywalker og Indiana Jones geta annars gert. Því er erfitt að meta myndina einungis út frá kvikmyndfræðilegum forsendum, nostalgían nær fljótt yfirhöndinni, jafnvel þó að áratugurinn í sjálfu sér bjóði upp á lítið til að vera nostalgískur yfir.

Forsendan fyrir Back to the Future er skemmtileg. Tímaflakk er alltaf áhugavert, er á stundum útpvæld hugmynd en er hér vel nýtt. Hvernig væri fyrir ungling að fara aftur í tímann og hitta foreldra sína þegar þeir voru unglingar? Marty sér mömmu sína svindla á prófi og gera allt það sem hún hefur bannað honum. Það sem verra er er að hún verður skotin í syni sínum, og er því nett freudískur sífjaspellsundirtónn, sem kemur enn betur fram á útklipptum senum í aukaefninu. Reaganisminn svifur hér einnig yfir vötnum, McFly eldri þarf að læra að lemja skólabulluna, takmarkið er ekki að forðast ofbeldi heldur að beita því á þá sem eiga það skilið. Back to the Future er ein af stöðum poppmeningarinnar á 9. áratugnum. Og stendur enn sem skemmtileg bíómynd, jafnvel þó að 50's tiskan í henni hafi elst mun betur en 80's tiskan.



DR. NEO CORTEX VILL UPPREISN ÆRU TÖLVULEIKURINN CRASH TAG TEAM RACING ER KOMINN Á MARKAÐ

Á markað er kominn glænýr Crash Bandicoot leikur, Crash Tag Team Racing heitir hann. Eins og þeir sem spiluðu Crash Twinsanity ættu að vita, þá var Dr. Neo Cortex niðurlægður í þeim leik. Nú hefur Dr. Neo Cortex boðið Crash að taka þátt í kynngimögnum kappakstri með það að leiðarljósi að urða Crash undir rústum kappakstursbrautarinnar. Í þessum leik er hægt að sameina farartækið sitt við farartæki andstæðingsins og búa þannig til ofurflugt farartæki með vígalegri utanáliggjandi byssu. Ef hætta stöðjar að getur leikmaður annaðhvort farið út úr bílnum og dritað á hvað sem á vegi verður. Nú eða



hreinlega sest undir stýri og valdið usla á ökutækinu.

Hver persóna í leiknum hefur sína hrifskotabyssu sem hægt er að snúa í heilan hring á byssustandinum. Þá geta leikmenn farið út úr bílnum og skoðað heiminn fót-

gangandi. Í leiðinni er hægt að sankna að sér aukahlutum sem gera bílinn enn þá öflugri og stórhættulegan. Einnig eru í leiknum klassísk Crash Bandicoot platform, hopp og skopp atriði, þar sem leikmenn geta spilað mini leiki og safnað hlutum.

ANN Á DVD

ÚT ER KOMINN PAKKI MEÐ ÖLLUM BACK TO THE FUTURE MYNDUNUM Á DVD.
SIRKUS REYKJAVÍK SÖKTI SÉR Í SJÓNVARPSGLÁP OG LEGGUR HÉR MAT Á ÞESSAR ÚTGÁFUR.

EFTIR VAL GUNNARSSON

BACK TO THE FUTURE PART 2

1989

★★★

Afar hugmyndarík framhaldsmynd, þar sem persónurnar lenda aftur í atburðarás fyrri myndarinnar. Hér er þó ekki um endurtekingu myndarinnar að ræða, heldur hitta persónurnar raunverulega fyrir persónur sínar úr fyrri myndinni. Afar póstmódernískt, enda 10. áratugurinn í nánd. Hér er meira tímaflakk en í nokkurri annarri mynd, við byrjum í nútímanum og förum til ársins 2015 jafnt sem aftur til 1955. Einnig er farið til annarrar útgáfu af 1985, þar sem lítil breyting á fortíðinni hefur getið af sér allt annan nútíma, sbr. kaóskeninguna. Næstum því ómögulegt er að útskýra plottið fyrir manneskju sem ekki hefur séð myndina án þess að hljóma jafn brjálaður og Dr. Brown en það gengur meira og minna alveg upp, sem er meira en við mátti búast. Því miður er myndin þó lömuð aulabröndurum og afar vondum leik, enginn nema Christopher Lloyd hefur þá hæfileika sem til þarf til að geta leikið sjálfan sig mörgum sinnum og á mismunandi aldri.



BACK TO THE FUTURE PART 3

1990

★★

Michael J. Fox stefnir hér hraðskreitt aftur í sjónvarpið, og myndin hefur yfir sér yfirbragð miðlungs sjónvarpsmynda. Myndirnar virkuðu best þegar þær fengust við tímaflakk, en hér um bil öll myndin gerist á einum tíma, árið 1885 í villta vestrinu. Hápunkturinn er tilvitnun í Clint Eastwood mynd sem sýnt er úr í mynd tvö, þannig að ímyndunaraflíð er hér á þrotum. Þó er boðskapurinn í raun fallegri, enda Reagan ekki lengur forseti. McFly lærir að það skiptir ekki öllu máli hvað öðrum finnst, betra er að láta ekki ana sér út í vitleysu.



BACK TO THE FUTURE AUKAEFNI

★★

Það besta hér eru senur sem voru kliptar úr myndinni, sem hægt er að horfa á, bæði með og án útskýringa. Sumar þeirra eru ansi skemmtilegar, svo sem þegar Marty hefur áhyggjur af því að hann verði hommi ef hann kyssir mömmu sína. Annað er þó undarlegt, eins og fyrirlestur leikstjórans Zemeckis, sem er myndlaus hljóðrás. Myndirnar um gerð myndarinnar eru ágætar en bæta kannski ekki miklu við. Þó er gaman að sjá hvernig tímavélin þróaðist meðan á tókum stóð.



ERTU GÓÐUR EÐA VONDUR?

Margir spyrja sig eflaust hvort þeir séu góðir eða vondir. Nú hefur því verið fleygt að þessari spurningu verði svarað í leiknum Black & White sem er nýkominn út á PC. Í leiknum fara leikmenn í hlutverk guðs sem ræður öllu á jörðinni. Annaðhvort ertu góður við íbúana og færð þá þannig til að tilbiðja þig eða þú tekur hinn pólinn í hæðina. Byrð til ógnarstjórn og hræðir íbúana til þess að bera virðingu fyrir þér. Hægt er að búa til skepnu sem verður send á jörðina og látin stýra mannfolkinu. Leikurinn kemur frá Peter Molyneux.



SKOTHELDUR RAPPARI

Seinna í mánuðinum kemur út tölvuleikur um 50 cent sem kallast Bulletproof eða skotheldur. Titillinn er vísun í þau átök sem 50 cent hefur þurft að ganga í gegnum. Leikurinn er stúttfullur af nýrri tónlist með kappanum auk vina hans í G-Unit. Í leiknum lendir 50 cent í spillingarvef, svikum og undarlegum samningum sem leiða hann á blóðuga slóð um undirheima New York. Hermenn hans í G Unit bakka fifty upp, en það hitnar heldur betur í kolunum þegar 50 Cent ræðst gegn hættulegustu glæpafjölskyldum í borginni. Leikmenn fara í hlutverk fifty í þessari skáldsögu, og geta þeir notað fjölda bragða og þar á meðal meira en 25 öflug „counter kill“ brögð.



KEYRÐU OG DREPTU

Þeir sem hafa beðið eftir nýjum Twisted Metal leik geta andað léttar. Út er kominn Twisted Metal: Head on fyrir PSP. Í þessum leik geta leikmenn valið úr 14 farartækjum sem eru drekkláðin að vopnum. Markmiðið er skýrt: Murka lífið úr andstæðingnum. Bardagar leiksins gerast á 12 mismunandi svæðum sem eru uppfyll af vopnum, aukahlutum og bónusum. Leikinn er hægt að spila á netinu.

VEISLA FYRIR AUGAÐ EN DAKOTA FANNING ER ÓPOLANDI

MYTT Á DVD

Steven Spielberg og Tom Cruise eru óskabörn Hollywood. Í endurgerðinni á myndinni War of the Worlds sameina þeir krafta sína að nýju eftir vel heppnað samstarf þeirra í Minority Report. Myndin fjallar eins og flestir ef ekki allir vita um árás geimvera á jörðina. En þá sögu höfum við séð áður með misjöfnum árangri. Myndin er fyrst og fremst konfekt fyrir augað. Tæknibrellur eru hreint með ólíkindum. Undirritaður hélt að eftir þrjúleikinn um Hringa-

drottinssögu myndi hann hætta að segja „vááá“ yfir einhverjum tæknibrellum en svo er alls ekki. Myndin er ótrúlega vel unnin, tónlistin er flott og leikararnir standa sig flestir ágætlega. Þó er einn stór mínus við myndina. Dakota Fanning er í henni. Ég veit ekki hvernig 11 ára gömul smástelpa getur farið svona í taugarnar á mér. Ég ímynda mér alltaf að hún eigi alveg ópolandi foreldra sem reyna troða henni í öll hlutverk. Líklega leiðinlegasti

krakki í heimi um þessar mundir. Aukaefnið sem fylgir myndinni á DVD er mjög áhugavert. Gott viðtal við Steven Spielberg, skyggst er bak við tjöldin og sýnt hvernig geimverurnar voru búnar til og fjöldinn allur af hágæða aukaefni. Ég ætla gefa War of the Worlds þrjár og hálfu stjörnu af fimm mögulegum. Gott aukaefni rífur myndina aðeins upp en Dakota Fanning dregur hana aðeins niður.

Hjörvar Hafliðason



WAR OF THE WORLDS ★★★★★

TOM CRUISE, DAKOTA FANNING OG TIM ROBBINS ERU Á VARÐBERGI GAGNVART GEIMVERUNUM.

UPPLESTRAR Á BÓKUM EIGA ÞAÐ TIL AÐ VERA LEIÐIGJARNIR OG MEIRA AÐ SEGJA VANDRÆÐALEGIR. ANNAÐ VAR UPPI Á TENINGNUM Á GRAND ROKKI Á DÖGUNUM ÞEGAR UNG OG EFNILEG SKÁLD KOMU SAMAN OG LÁSU HVERT FYRIR ANNAÐ MEÐ TILÞRIFUM.

ÞEMAKVÖLD RASSINS

Stopp, hættu þessu,“ er hrópað úr salnum, en Ófeigur heldur ótrauður áfram með skatólógísku sögu sína af standþínu og saurlátum hunds. Áður hafði verið auglýst eftir frammiköllum og látum fyrir samkomu reiðra skálda, og áhorfendur láta ekki sitt eftir liggja á Grand Rokki þetta kvöldið. Hvort að Ófeigur sé að reyna að hneyksla í þágu sannleikans eða í þágu hneykslunnar innar sjálfrar skal ósagt látið, og Haukur Már hleypur upp á svið og setur reykvelina í gang til að sveipa saurlátin dulúð. Ófeigur sker hundspottið á háls og kynnir Eirík Örn Norðdahl á svið, Ísfirðinginn sem með hnyttum skáldskap og skáldlegu hattavali hefur komist nálægt því að leggja Reykjavík að fótum sér. Hann hefur einnig safnað afar skáldlegu skeggi á næturvöktum sínum fyrir vestan síðan hann síðast sást í Sódómu.

SKEGGIÐ OG SKÁLDIÐ

„Hver má muna sitt fiðl fegurri,“ segir hann og setur í gang. Eiríkur er einhvers staðar á mörkum standöpps

og skáldskapar, en hatturinn og skeggið færa þó þungann yfir á seinni hliðina. „Hvar er ljóðið?“ er öskrað á Eirík áður en að hann lýkur sér af. Líklega þurfa skáld að geta gert standöpp þessa dagana til að keppa við önnur skemmtiatriði um athygli þjórdrykkjufólks. Rithöfundar þurfa að geta lesið upp til að lenda ekki beint í fornbókaverslunum sem eru sjálfar óðum að hverfa. Ekki er óalgengt að menn skrifi kafla inn í skáldsögur sínar sem henta vel til upplestrar, lýsa tóninum, innihalda nokkra brandara og eru til þess ætlaðir að fá áhorfendur til að þyrsta í meira. Þannig berst skáldsagan enn fyrir tilvist sinni, en sumir eru minna bjartsýnir á framtíðarhorfur hennar. Stefán Máni hefur verið iðinn við að rita grafskrift skáldsögunnar í Lesbók Morgunblaðsins, og hafa rithöfundar landsins skipst í fylkingar með og á móti (líklega þó fleiri á móti). Stefán heldur áfram baráttu sinni við skáldsöguna þetta kvöldið, og gerir óspart grín að kollegum sínum.



BEITTUR PROPPÉ

Hlé er gert á upplestrinum fyrir tónlistaratriði. Óttarr Proppé hefur alltaf virst skitsófrenískur bóksali á bleikum spandexbuxum, og þessir pólar mætast afar vel í hljómsveitinni Rasskinnum, sem nú stúgur á svið. Rasskinnarnar tvær samanstanda af gítar og söng, og loksins heyrist hvað Óttarr hefur verið að garga í míkrofóninn öll þessi ár. Og sjá, þar fer beittasti textahöfundur landsins síðan Patti Smith steig á svið á Nasa í september. „Þær eru sjúkar/Í Kárahnjúkar,“ syngur hann. Vond beyging, góður boðskapur. Óttarr lýsir

því yfir að þetta sé þemakvöld rassins, sem einhvern veginn dregur athyglina frá reiðinni. Hann kynnir næsta lag sem nefnist „Umboðsmaður Alþingis“. Áður en yfir lýkur er allur salurinn farinn að syngja með: „Burt með kvótann, burt með kvótann.“ Það er næstum því eins og Bubbi sjálfur sé búinn að fá nóg af að niðast á laglausum unglingum í Idolinu og sé farinn að leggja eitthvað til málanna aftur.

NÍHÍLISTAR OG REIÐIR RAPPARAR

Reiðin vikur svo fyrir níhílistna nýhílistans Kristínar Eiríksdóttur, sem lýsir yfir að það sé „ekkert í þessum heimi“. Mikið rétt, en eitthvað verðum við að gera við hann samt. „Takk fyrir augun mín sem ofsjá,“ segir hún að lokum.

Næstur á svið er Erpur Eyvindarson, sem tekur salinn með mikilli keyrslu. Hann flytur mest gamalt efni, einhvers konar blöndu af kynlífsgröbbi og pólitískri ádeilu, sem gengur merkilega vel upp. Enda er ekki nóg bara að benda á rassa, það þarf stundum að benda á þá sem völdin hafa. Þó að það sama velli yfirleitt út úr þeim líka.

DNA VS. LÓAN

Kollegi hans Dóri DNA lýkur kvöldinu og er töluvert innhverfari en Erpur. Eitt ljóða hans hljómar svo:

„Þeir sögðu að lóan hefði komið og kveðið burt snjóinn

-Djöfuss lóan- ég sem var að vona að þú myndir koma.“

Skáldið þarf alltaf að finna leiðir til að koma boðskap sínum á framfæri, hvort sem það spilar á lítu eða rafmagnsgítar, hvort sem það stendur á kassa á götu eða fyrir fullu húsi fulls fólks. Upplestur á Íslandi er líflægri en hann hefur verið lengi, einkennist ekki lengur af vandræðalegum þögnum og kurteislegu klappi. En í þessari atrennu verður þó að segjast að rappararnir komu sínu skýrast til skila.

Valur Gunnarsson



Sáðáma Reykjavík

STELPURNAR Í NYLON SELDU MEST Í SÍÐUSTU VIKU



DNA OG DELUXE Á X-ÍÐ

„Við eigum að rífa upp hiphop-senuna á Íslandi,“ segir rapparinn geðþekki Dóri DNA. Hann er að byrja með splunkunýjan hiphop-þátt á X-inu 97,7 ásamt plötusnúðnum Danna

Deluxe. DNA-babarinn og Deluxe-dýrið munu fá fólk í þáttinn til sín.

Einnig munu þeir hringja í hin ýmsu hverfi heims og taka púlsinn á þeim.

Blautt malmbík heitir þátturinn sem verður sá eini sinnar tegundar á landinu. Blautt Malmbík er vísun í lag með XXX Rottweiler „...ég endurspeglar líf Reykjavíkur eins og blautt malmbík.“ Þátturinn mun verða í loftinu á föstudagskvöldum á milli 19 og 23. Þeir félagar ætla að fagna fyrsta þættinum með heljarinnar teiti á Prikínu þar sem DJ Kári mun „sjá um gúmmelaðið“ ásamt Dóra og Danna. Tilboð á barnum og allir að mæta.



ORÐLAUS ÞRIGGJA ÁRA

Núna um helgina verður stelputímaritið Orðlaus þriggja ára og ætla eigendur blaðsins að halda upp á það með pomp og prakt á Sólon á föstudagskvöldið með öllu tilheyrandi. Eigendur blaðsins eru búnir að vera með það frá byrjun en það eru þær Steinunn Jakobsdóttir, Erna María Prastardóttir og Hrefna Björk Sverrisdóttir. Erna María Prastardóttir er reyndar hætt þar sem hún er fara í flugnám. „Við erum alveg rosa-lega ánægðar að þetta hafi gengið svona vel og við erum búnar að skemmta okkur mjög vel á þessum þremur árum,“ segir Steinunn ritstjóri. „Við munum síðan halda áfram að búa til gott blað.“ Sirkus óskar Orðlaus til hamingju með afmælið.



NYLON BEINT Á TOPPINN Á TÓNLISTANUM

NYLON HELDUR ÚTGÁFUTÓNLEIKA Á LAUGARDAGINN

„Ég átti ekki von á þessu. Þetta kemur okkur öllum alveg rosalega skemmtilega á óvart. Við erum virkilega ánægðar. Ef ég á að segja alveg eins og er þá vissum við ekki við hverju við áttum að búast. Hvort við höldum okkur í toppsætinu á tíminn eftir að leiða í ljós,“ sagði Alma Guðmundsdóttir, ein af stelpunum í Nylon-söng-

flokknum. Nýtkomin geislaplata stúlknanna, Góðir hlutir, fór beint á toppinn á Tónlistanum sem er listi yfir mest seldu geislaplötturnar hér á landi.

Útgáfutónleikar Nylon fara fram á laugardag klukkan fjögur í Loftkastalanum. „Það er bara spennigur í hópnunum. Ég veit að það er hægt að fá miða í miðasölu Loftkastalans. Þessa dagana

erum við að æfa stanslaust og mikill álagstími. En það er svo gaman hjá okkur að við kvörtum ekki,“ sagði Alma sem á nokkra texta á nýju plötunni.

Þegar blaðið fór í prentun voru aðeins örfáir miðar eftir á útgáfutónleikana og því verða aðdáendur sveitarinnar að hafa hraðar hendur.

-HH

HUGLEIKUR DAGSSON MEÐ NÝJA BÓK

Árið 2005 er búið að vera ljúft ár fyrir rithöfundinn Hugleik Dagsson. Ekki það að árin á undan þessu hafi verið sérstaklega slæm fyrir hann en Sirkus skal éta hattinn sinn ef maðurinn verður ekki kallaður Rithöfundur Íslands í lok ársins. 2005 má segja að hann hafi fengið athyglina sem hann verðskuldar. Nemendaleikhúsið setti upp á dögnum leikrit eftir hann sem fékk gríðarlega góða athygli og núna fyrir júl er hann að gefa út nýja bók hjá JPV forlagi. Bókin heitir „Bjargið Okkur“ og er í stíl við fyrri bækur

kappans sem heita „Forðist Okkur“, „Drepið Okkur“ og „Ríðið Okkur“. Þann 18. nóvember verður hann Hugleikur að árita nýju bókina sína í myndasögubúðinni Nexus við Hverfisgötu á milli 15 og 19.30. „Fyrstu vikuna verður bara hægt að fá hana í Nexus,“ sagði Hugleikur í samtali við Sirkus Rvk. „Ég geri allt fyrir Nexus, þetta er náttúrulega myndasögubúð Íslands.“ Núna er bara málið að skella sér í Nexus, kaupa nýju bókina og fá hann til að árita hana.

-ÓHÓ



Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍKUR ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDIÐ OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

LEIKHÚS

FÖSTUDAGUR 18. NÓVEMBER

HALLDÓR Í HOLLYWOOD Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Halldór Laxness er hér ungur og metnaðarfullur og ekki er enn ljóst hvort hæfileikarnir fylgi metnaðinum. Skemmtileg söng- og dansrevía og sagan er góð. En mætti vel við meiri sósíalrealisma að hætti skáldsins.

ÍSLENSKA ÓPERAN

Kabarett, þið munið þetta með Lizu Minneli, verður sett upp í kvöld. Meðan Zweig teflir gegn Hitler í Borgarleikhúsinu er hér dansað og sungið gegn honum.



BROADWAY

Bó Hall með nýjan söngleik sem heitir einfaldlega Nína og Geiri og er hann nýkominn til sýninga á Broadway.

LÍFSINS TRÉ Í BORGARLEIKHÚSINU

Nýja Ísland mun rísa á ný þegar Lífsins tré verður sett á svið Borgarleikhússins í kvöld.



BORGARLEIKHÚSIÐ SÝNIR SÖLKU VÖLKU

Eins og við komumst að í Halldóri í Hollywood er Salka Valka verkið sem fleytti Laxness frá því að vera efnilegasti rithöfundur þjóðarinnar yfir í að vera sá besti.

LAUGARDAGUR 19. NÓVEMBER

HALLDÓR Í HOLLYWOOD Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Halldór Laxness er hér ungur og metnaðarfullur og ekki er enn ljóst hvort hæfileikarnir fylgi metnaðinum. Skemmtileg söng- og dansrevía og sagan er góð. En mætti vel við meiri sósíalrealisma að hætti skáldsins.

FRELSI Á SMÍÐAVERKSTÆÐINU

Fín frumraun hjá bæði leikskáldi og efnilegum ungum leikurum, en vantar þó herslumuninn til að Alcoa þurfi að fara að vara sig.

WOYZECK Í BORGARLEIKHÚSINU

Mikið fyrir augað og eyrað með menn hangandi í köðlum syngjandi lög eftir Nick Cave. Eiríkur Jónsson ánægður.



LÍFSINS TRÉ Í BORGARLEIKHÚSINU

Nýja Ísland mun rísa á ný þegar Lífsins tré verður sett á svið Borgarleikhússins í kvöld.

BROADWAY

Bó Hall með nýjan söngleik sem heitir einfaldlega Nína og Geiri og er hann nýkominn til sýninga á Broadway.

SUNNUDAGUR 20. NÓVEMBER



KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

200 ára afmælisýning til heiðurs H.C. Andersen. Það er ljóst að Danir voru mikil menningarþjóð á 19. öld og kannski bara tóm vitleysa að hafa mótmælt þeim.

BRYNHILDUR ER EDITH PIAF

Edith lifnar við og lifir enn í Þjóðleikhúsinu og virðist ódrepanði. Brynhildur er hreinlega að verða Edith, svo tilkomumikil er sýningin.



BRIMÍÐ HANS JÓNS ATLA

Jón Atli ber titilinn efnilegasta leikskáld þjóðarinnar með stæl og Vesturport er efnilegasti leikhópurinn. Saman er þetta bara farið að verða nokkuð gott hjá þeim. Borgarleikhúsið sýnir þetta verk.

BORGARLEIKHÚSIÐ ER MEÐ KALLA Á ÞAKINU

Skandinavar ala upp góð börn, enda búa þeir til gott barnaefni. Astrid Lindgren gefur H.C. Andersen lítið eftir. Hérna gefur að líta Kalla á þakinu, fyrsta flokks barnaleikrit.

LÍFSINS TRÉ Í BORGARLEIKHÚSINU

Nýja Ísland mun rísa á ný þegar Lífsins tré verður sett á svið Borgarleikhússins í kvöld.

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN SÝNIR ÞRÚ VÆR

Þrjú verk, Wonderland eftir Jóhann Frey Björgvinsson og Filippú Elís dóttur (hefur víst lítið með John Holmes að gera), Critics choice? eftir Peter Anderson og Pocket Ocean eftir Rui Horta.



ALVEG BRILLIANT SKILNAÐUR

Edda Björgvins í öllum hlutverkum og alltaf uppselt. Edda kann sitt fag og fyllir Borgarleikhúsið.

MÍÐVIKUDAGUR 23. NÓVEMBER

BRIMÍÐ HANS JÓNS ATLA

Jón Atli ber titilinn efnilegasta leikskáld þjóðarinnar með stæl og Vesturport er efnilegasti leikhópurinn. Saman er þetta bara farið að verða nokkuð gott hjá þeim. Borgarleikhúsið sýnir þetta verk.



FRELSI Á SMÍÐAVERKSTÆÐINU

Fín frumraun hjá bæði leikskáldi og efnilegum ungum leikurum, en vantar þó herslumuninn til að Alcoa þurfi að fara að vara sig.

FIMMTUDAGUR 24. NÓVEMBER

HALLDÓR Í HOLLYWOOD Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Halldór Laxness er hér ungur og metnaðarfullur og ekki er enn ljóst hvort hæfileikarnir fylgi metnaðinum. Skemmtileg söng- og dansrevía og sagan er góð. En mætti vel við meiri sósíalrealisma að hætti skáldsins.

FRELSI Á SMÍÐAVERKSTÆÐINU

Fín frumraun hjá bæði leikskáldi og efnilegum ungum leikurum, en vantar þó herslumuninn til að Alcoa þurfi að fara að vara sig.

BORGARLEIKHÚSIÐ SÝNIR SÖLKU VÖLKU

Eins og við komumst að í Halldóri í Hollywood er Salka Valka verkið sem fleytti Laxness frá því að vera efnilegasti rithöfundur þjóðarinnar yfir í að vera sá besti.

MANNTAFL

Góði dátinn Stefan Zweig er einn af meisturum 20. aldar, og teflir hér gegn nasismanum. Manntafl er í Borgarleikhúsinu.

SKEMMTISTAÐIR

FÖSTUDAGUR 18. NÓVEMBER



PRÍKIÐ

Kl. 20.30 verður Idolið sýnt á risaskjá hvorki meira né minna og eftir að því lýkur mætir Kári í hús og snýr plötum eins og hann fái borgað fyrir það.

SÓLON

Hann Brynjar Már verður hress eins og kex á Sólun og mun að sjálfsgöðu spila alla hittarana sem hann er að spila á FM

CAFÉ VICTOR

Plötusnúðar hússins munu matreiða tryllta stemmingu fyrir dansþyrsta íslendinga. Ætla ekki allir að mæta?

HRESSÓ

Trúbadorarnir Gotti og Víðir munu skemmta lýðnum frá kl. tíu til eitt. Eftir það mun D.J. Johnny gera allt vitlaust á dansgólfinu. Ekki ónýtt það.

HVERFISBARINN

Stórfótur eða Kiddi Bigfoot eins og hann er kallaður í daglegu tali mun spila taktfasta tónlist fyrir gesti Hverfisbarsins. Kannski mun hann spila Britney, kannski. Hver veit?

BEGGABAR

Trúbadorinn Viðar Jónsson mun spila af sinni alkunnu snilld frá kl. ellefu til þrjú. Beggabar er staðsettur að Hraunbergi 4.

THORVALDSEN

Hlynur Mastermix verður í búrinu á Thorvaldsen og mun spila diskósmellina eins og hann hafi aldrei gert neitt annað.

GRAND ROKK

Það verður tónlistarveisla á Grand Rokk á föstudeginum. Hljómsveitirnar Coral og Dikta verða að spila ásamt Mr. Silla og Pan. Með svona góða tónlistarmenn samankomna getur það ekki klikkast.

GAUKUR Á STÖNG

Rokksveitin Sent að norðan verður með sveitt sveitaball á Gauknum, hvorki meiri né minna. D.J. Frigor sér um stuðið á efri hæðinni.

LAUGARDAGUR 19. NÓVEMBER

PRÍKIÐ

Kristó og Franz munu byrja kvöldið kl. 21 og upp úr miðnætti munu vinkonurnar Erna og Ellen taka Prikið og jarða það. Svo gaman verður það.

GRAND ROKK

Hljómsveitin Deep Jimi And The Zep Creams mun halda útgáfutónleika sína á laugardaginn. Eins og alþjóð veit þá verður massastemmari á Grandinum.

HRESSÓ

Hann Brynjar Már vinur okkar kallar ekki allt ömmu sína og mun spila svalandi FM-tónlist á Hressó eins og brjálæðingur. Kannski mun hann Svali mæta á svæðið vini sínum til halds og trausts.

THORVALDSEN

Hann Hlynur hressi mun sjá um tónlistina á Thorvaldsen. Hann mun taka gamla Moloko-slagarann „Sing It Back“ tvisvar ef ekki þrisvar, gestum staðarins til mikilar ánægju.

HVERFISBARINN

Kiddi Bigfoot verður hress á Hverfis. Fazmo-klíkunni til mikillar ánægju. Þetta verður allsvakalegt get ég sko sagt þér.

KAFFIBARINN

Það verður hiphop-mania á Kaffibarnum. DJ Kári og DJ B-Ruff verða á svæðinu og spekingar segja að þetta verði magnaður andskoti.

CAFÉ VICTOR

Húsplötusnúðar hússins verða á svæðinu til að trylla lýðinn eins og ekkert hafi í skorist. Þetta verður spennandi.

HRESSÓ

Gotti og Víðir munu spila frá kl. 22 og klukkan eitt mun DJ Johnny taka við af strákunum og spila langt fram á nótt. Spes.



GAUKUR Á STÖNG

DJ Böddi love og Egill Beat-master verða á neðri hæðinni á meðan DJ Frigor verður mjög hress á efri hæðinni.

FIMMTUDAGUR 24. NÓVEMBER

PRÍKIÐ

Stranger sér um rokka húsið um kvöldmatarleytið. Um að gera að fá sér einn sveittan borgara og kíkja á strákana. Um klukkan níu mun DJ De La Rosa taka við og sjá um tónlistina til lokunar.

HRESSÓ

Trúbadorinn Justin mun syngja nokkur góð lög fyrir gesti og gangandi á milli klukkan 22 og 01.

ÞESSI FRÁBÆRU TILBOÐ ENDURGREIÐA
ÞÉR SIRKUS RVK OG GOTT BETUR!

SIRKUSMIÐINN FULLKOMIN HELGI Í REYKJAVÍK

megasól
S.571 7171

2 FYRIR 1

ALLA DAGA VIKUNNAR

gegn framvísun þessa miða

2 fyrir 1 á hljómsveitabolum*

DOGMA

LAUGAVEGJI 30 | GLERÁRTURGI
SÍMI 582-4800 | SÍMI 442-1818

* gegn framvísun þessa miða / gildir út nóvember 2005

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍKUR ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDIÐ OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

SÝNINGAR



NÝLISTASAFNIÐ

Snorri Ásmundsson mun opna sýninguna sína „Retrospective“ í Nýló laugardaginn 19. nóv. Á sýningunni mun Snorri gera upp feril sinn sem myndlistarmaður og ber þar ýmislegt á góma. Sýningin mun standa yfir til 19. desember næstkomandi og er Nýlistasafnið opið frá miðvikudagi til sunnudags frá 13-17.

LISTASAFN ÍSLANDS

Ný íslensk myndlist II – Um rými og frásögn. Þetta er sýning á verkum 13 íslenskra samtímalistamanna og stendur hún yfir til 12. febrúar 2006



BANANANANAS

Til 26. nóvember verður Hildigunnur Birgisdóttir með sýninguna Hring eftir Hring III.



RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR

Gandhi, King, Ikeda: Friður fyrir komandi kynslóðir er fræðslusýning sem verður til sýnis í Ráðhúsi Reykjavíkur til 26. nóvember. Sýningin var hönnuð af séra Lawrence Carter presti hjá alþjóðakapelli Martins Luther King og fjallar um líf og störf merkra manna í þágu friðar. Opið er frá 8 til 18 í Ráðhúsinu.

CAFÉ CULTURA

Núna fer hver að verða síðastur að sjá ljósmyndirnar hans Róbers Stefánssonar sem teknar voru á síðustu Hróarskelduhátíð.



ÞJÓÐARBÓKHLAÐAN

Sýning verður á verkum Brynjólfs Sveinssonar til áramóta. Opið er frá 9 til 20.

GEL GALLERÍ

Jóhannes Rúnar verður til 25. nóvember með sýningu þar. Opið er frá 12 til 16.

GALLERÍ 18

Þór Vigfússon verður með sýningu til 23. desember.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚS

Guðrún Vera Hjartardóttir verður með sýningu til 30. des og Erró til 23. apríl. Opið er frá 12 til 17.

LISTASAFN ASÍ

Magnús V. Guðlaugsson og Örn Þorsteinsson verða með myndlistarsýningu í Listasafni ASÍ. Magnús sýnir ljósmyndaverk, myndband og önnur ýmiss konar verk með blandaðri tækni. Örn sýnir höggmyndir steiptar í brons og ál. Safnið er opið kl. 13-17 alla daga nema mánudaga og mun standa yfir til 4. des.



LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR

Haldin verður sýning á verkum Jóhannesar Sveinssonar Kjarval í tilefni þess að 120 ár eru frá fæðingu málarans. Sýningin er til 19. mars. Opið er frá 12 til 17.

SMEKKLEYSA PLÖTUBÚÐ – HUMAR EDA FRÆGD

Kl. 18 mun Þorsteinn Otti Jónsson opna sýninguna sína „Börn Palestínu“. Myndirnar á sýningunni voru teknar á ferðalagi Þorsteins til herteknu svæðanna í Palestínu árið 2004. Sýningunni er lokað kl.19.

GALLERÍ 101

Haraldur Jónsson sýnir til 26. nóvember. Opið verður fimmtudaga til laugardags frá 14 til 17.

KLING & BANG GALLERÍ

Örn J. Auðarson er með sýninguna – Miðgarður – Bláraudur – Afgirtur reitur. Opið verður fimmtudag til sunnudags frá kl. 14-18. Sýningunni lýkur þann 4. des.

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?



PICTIONARY OG MATARBOÐ

„Á föstudagskvöldinu stendur Anna Marín vinkona mín fyrir spilakvöldi heima hjá sér. Við erum að tala um Pictionary, Matador og ég veit ekki hvað og hvað,“ segir Arnþrúður Dögg a.k.a. Addú, athafnakona. „Síðan á laugardagskvöldið fer ég í afmælistamarboð til góðvínar míns Jóa B. og hann mun bókað matreiða eitthvað geðveikt eins og honum er nú einum lagið. Þessi helgi verður mögnuð get ég sko sagt þér,“ segir Addú hress á kantinum.

Arnþrúður Dögg Sigurðardóttir. 27 ára. Athafnakona

AFMÆLI HJÁ SAMGÖNGURÁÐHERRA OG TÍSKUSÝNING

„Mér er boðið í stelpuhitting á föstudagskvöldið sem ég kiki kannski í,“ segir Ragnhildur ánægð með lífið. „Ef veður leyfir ætla ég að keyra til Stykkishólms í sextugsafmæli hjá samgönguráðherra sem er á laugardagskvöldinu. Á sunnudaginn mun ég taka þátt í tískusýningu fyrir Rögnu Fróða á Hótel Borg. Fullt af konum sem eru að taka þátt í þeirri sýningu. Síðan ætla ég að fara í sund, hreyfa mig og slaka á.“

Ragnhildur Magnúsdóttir. 31 árs. Dagskrágerðarkona hjá Kiss FM.



KAFFIBARINN OG LEIKHÚS

„Á föstudaginn ætla ég í leikhús að sjá Forðist Okkur eftir Hugleik Dagsson. Síðan ætla ég að taka því rólega eftir það,“ segir Benni B-Ruff hiphop-plötusnúður. „Á laugardagskvöldinu verð ég að spila með DJ Kára á Kaffibarnum og við lofum dúndurstemningu. Á sunnudagsmorgninum vaknar maður eftir erfitt en skemmtilegt kvöld í þynnunni og fær sér einhvern skemmtilegan morgunmat í miðbæ Rvk. Skellir sér síðan heim og kokkar upp einhvern hrærgraut af tónlist.“ Hljómar vel.

Benedikt Freyr Jónsson a.k.a. B-Ruff. 24 ára. Plötusnúður.

ÁHUGAVERÐIR
HLUTIR
SEM ÉG FANN
Í RUSLINU



Það er ótrúlegt hverju fólk bendir.

JÓNSSON & LEIÐSÖGVA - 1119


HVERNIG ÞÁTT MUNDIR ÞÚ BÚA TIL?

Sirkus leitar að fólki til að gera sjónvarpsþætti. Þú framleiðir efnið með þínum eigin tækjum, efnistökin eru alveg frjáls og engin hugmynd er útilokuð. Sendu inn þína tillögu og þú gætir verið á leiðinni í loftið!

Skilafrestur rennur út á hádegi mánudaginn 28. nóvember.
Sendið hugmyndir til: Sirkus - Hugmynd, Lynghalsi 5, 110 RVK
eða á sirkushugmynd@365.is



Minir fyrirverandi



skithalar úr fortíð minni

SEXTÁN ÁRA AF SUÐURNESJUM

NANNA KRISTÍN HILMARSDÓTTIR, EÐA JOSIE, SLÆR Í GEGN



Það er frábært að fá svona viðtökur," segir Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, sextán ára söngkona úr Garðinum á Suðurnesjum. Nanna hefur listamannsnafníð Josie. Lag hennar, sem heitir einnig Josie, er í þriðja sæti á Rokk.is og í kjölfarið af því var hún valin hljómsveit fólksins á mbl.is. Þá var hún boðuð upp á Rás 2 til að taka lagið en eftir það hafði maður samband við hana sem vildi endilega láta hana syngja eurovisionlag sem hann hafði samið.

Sirkus Rvk. vildi forvitnast aðeins um þessa ungu stúlku af Suðurnesjum.

„Ég var í hljómsveit sem hét Pointless. Þá tókum við upp lög og settum inn á Rokk.is, þess vegna setti ég bara þetta lag, Josie, þangað inn líka," segir Josie.

En af hverju listamannsnafníð Josie?

„Það er rosalega löng saga sem er tengd laginu Josie en mér fannst Nanna Bryndís eitthvað svo skrytið sem listamannsnafn svo ég ákvað bara að hafa þetta Josie," segir þessi unga stúlka

og lætur þar við sitja hvað nafnbótina varðar.

„Ég er alveg heltekin af Dikta eins og er, annars fíla ég Damien Rice, Aniti Franko og Mugison og svo hef ég lært alveg helling af því að hlusta og horfa á Heru sem mér finnst alveg æðisleg en ég er mikið fyrir svona trúbadorastemningu," segir Josie um áhrifavalda sína í tónlistinni.

Hvenær byrjaðirðu semja?

„Ég byrjaði að semja fyrir fimm árum. Ég tek þetta upp á Cubase sem er tölvuforit, eða ég er reyndar að fara að læra á það, svo kemur bara fullt af nýju efni bráðlega. Ég á bara eftir að taka þetta allt saman upp."

Þér er líkt við Alanis Morissette, hvernig líst þér á það?

„Alveg rosalega vel, hún hefur einmitt haft mjög mikil áhrif á mig. Svo væri bara draumurinn að geta lifað á tónlistinni," segir Josie að lokum. Ung og efnileg.

-KRV

JOSIE
RÍSANDI STJARNA

STRÁKARNIR OKKAR TIL BANDARÍKJANNA

Róbert Douglas, leikstjóri kvikmyndarinnar Strákarnir okkar er staddur í New York þar sem hann er að sýna hugsanlegum kaupendum myndina. Kaninn er mjög spennur fyrir myndinni að sögn Róberts. „Ég er með þrjú tilboð á borðinu hér í Bandaríkjunum. Myndin var sýnd ásamt fleiri evrópskum myndum á vegum evrópsku kvikmyndaakademiunnar. Það hefur verið tekið mjög vel í hana bara, eins og í Evrópu. Þar hefur gengið vel að koma henni inn á kvikmyndahátíðir og keppnir."



DR. DISCO SHRIMP GEFUR ÚT Í NEW YORK

Eftir vel heppnaða tónleika á Airwaves er Hljómsveitin Dr. Disco Shrimp að fara að meika það. Sveitin hefur þegar haldið tónleika í New York og er að fara að gefa út smáskífu þar í borg í desember. Smáskífan er með laginu Everybody, eða Rækjusalat, sem gerði allt vitlaust á klúbbunum í sumar. Í janúar fara Hljómsveitarmeðlimir til Noregs að taka upp plötu og ætla Hljómsveitin Gus Gus að „rímixa" lög eftir þau. Sjálfir seggjast meðlimirnir gera skemmtilega blöndu af house og 80's tónlist og að húmorinn sé aldrei langt undan. Núna er bara málið að næla sér í smáskífuna frá þeim, annars ertu rækjusalat.

VERÐI YKKUR AÐ GÓÐU, PRINSESSUR

Það er nýtt afbrigði af karldýrinu á markaðnum þessa dagana. Ekki misskilja mig, ég hef ekkert á móti sms skilaboðum sem slíkum. En ákveðnar týpur af karlmönnum fara hins vegar stórkostlega í taugarnar á mér um þessar mundir. Þeim er algleglega ómögulegt að taka upp tölið og hringja í mann en notast þess í stað við sms skilaboð. Fint er að brjóta ísinn með eins og einum smáskilaboðum en þegar þau eru orðin 20-30 á dag þá vil ég fá að heyra símhringingu, takk. Líka fánlegt að fara með einhverjum út að borða eða í bíó sem maður hefur aldrei heyrt röddina í nema í þúsund desíbela hávaða inni á skemmtistaði! Hið sama gildir um msn, fyrir utan þann einstaklega þægilega eiginleika þess forrís að maður getur einfaldlega „blockað" þann sem mann langar ekki að eiga frekari samskipti við!

ENN VON Í ÍSLENSKUM KARLMÖNNUM

Íslenskum karlmönnum hefur farið fram undanfarin ár í herraannsóðum í kjölfar metróvæðingarinnar, kallanna.is og fleiri góðra ráðgjafa á þessu sviði. Hins vegar datt af okkur dömunum andlitið á þekktum skemmtistaðum og síðustu helgi. Við sátum þarna tvær vinkonurnar á spjalli þegar þjónn gekk að borðinu okkar með kampaín á ís, og sagði að flaskan væri frá mönnum þremur á næsta borði. Ekkert með það, dýrasta kampaínið í húsinu og þegar flaskan var hálfnuð þá kom þjónninn með aðra! Nú leist okkur ekki á blikuna, enda ég á bíl og vinkonan að fara að vinna daginn eftir. Aðluðum við að afþakka flöskuna, en þjónninn leit hneykslaður á okkur og sagði: „Það er búið að borga fyrir flöskuna og opna hana!" Við þorðum ekki annað en að fá okkur eitt glas í viðbót og stóðum því næst upp og ætluðum að þakka útlendingunum fyrir, því eins og allar íslenskar stelpur vita þá eru bara túristar í fríi svona herraannsóðum. Þá sagði maðurinn á rammíslenskrí

tungu: „Verði ykkur að góðu, prinsessur, og skemmtið ykkur vel!" Andlitið datt af vinkonu minni sem þóttist handviss um að herraannsóðir væru útlendingar. Þar „goes my whole belief system"!

SAMÚÐARKVEÐJUR TIL FEMÍNISTA

Fyrir í vikunni höfðum við nokkrar gullfallegar stúlkar ákveðið að hittast á veitingastað og hafa það gott, spjalla, borða og fá okkur nokkur hvítvínsglós saman. Við það tilefni sátum við beint á móti öllu femínistafélaginu eins og það lagði sig. Gáfu kvenréttindakvendingur okkur illt auga og andaði köldu yfir staðinn þar til þær stóllur yfirgáfu borðið með súran svip. Sem minnr mig á það, í Fréttablaðinu þann 5. nóvember síðastliðinn birtist ákaflega skemmtileg grein undir yfirskriftinni „Konur verða að karlrembusvínur". Lætur þar kvenskörungur að nafni Anna Margrét vaða á súðum og vitnar hægri og vinstri í mig og birtir mynd af mér þar til hliðar. Sendum henni samúðarkveðjur vegna þurrkatíma og ég skal reyna að gæta þess framvegis að gera ekki þessa hluti, „and I quote": „Bera á mér brjóstin og veita kjöltudansa á skemmtistöðum, birta myndir af mér í kynlífsathöfnum á bloggssíðum og fara í sleik við aðrar stelpur svo strákar horfi á." Grein þessi, sem er greinilega lítið undirbúin og skrifuð af mikilli óvandvirkni þar sem ég minnst þess ekki að hafa gert neitt af þessum hlutum hér að ofan birtist hins vegar í blaði


sem er dreift til meirihluta þjóðarinnar og legg ég þess vegna til að Anna Margrét Björnsson leggi meiri vinnu í greinaskrif sín í framtíðinni. Ætlaði að vísu að koma með hápunkta Drífu Snædal sem er eitthvað óánægð með vinnuna sína sem ritari hjá Vinstri grænum því hún er að reyna að meika það sem pistlahöfundur. En Anna toppaði hana svo...

HVAÐ ER HNAKKAMELLA?

En nóg um leiðinlega fólk! Þar sem skilgreiningin á orðinu á forsiðunni um daginn hefur eitthvað verið að vefjast fyrir fólk, þá ákvað ég að fá höfundinn Hana Katrínu vinkonu mína til að skilgreina kvindíð. Nú, skilgreiningin á hnakkamellu er nokkur veginn svona: „Preferably" ljóshærð, þó ekki algilt. Snryrtileg í alla staði, hugsar vel um útlitið og er meðvituð um „tanið"! Þetta er ákaflega mikilvægt! Stundar reglulega hreyfingu til að halda „boddíinu" í lagi og er aðeins með svarthvít húðflúr ef einhver eru. Nú, í meginatriðum þá er þessi stelpa kvenkyns-útgáfan af hnacka sem ég ætla að vona að þið ykkar sem hafið ekki dvalið í holu síðustu ár vítið hvað er. Nú, líkur sækir líkan heim og eru þessar meyjjar hrifnar af sveinum sem eru, rétt eins og þær, fallgigr, fylgjast með tiskunni og hugsa um heilsuna og útlitið. Sem sagt, hnökkum.

Brynja Björk

AYGO



Settu AYGO á dagskrána þína...

- Komdu við í AYGO hjólhýsinu og heilsaðu upp á okkur
- Fylgstu með AYGO tónleikaröðinni
- Reyndu AYGO og þú færð óvæntan glaðning að launum

Farðu á www.aygo.is og kynntu þér AYGO hjólhýsið, reynsluaksturinn og spennandi tónleikadagskrá næstu vikunnar.



www.aygo.is

Toyota Nýbýlavegi 4 KÓPAVOGUR Sími: 570-5070



Hættan er liðin hjá ...over!

Hvað myndirðu gera ef aleigu þinni yrði stolið? Ef einhver myndi einfaldlega hreinsa út úr fataskápnunum þínum, stinga íPodinum í vasann, taka fartölvuna þína, alla geisladiskana, bækurnar og meira að segja ógeðslegu styttuna sem frænka þín gaf þér í fyrra?

Ungt fólk gerir sér oft ekki grein fyrir að það á margra milljóna króna virði af alls kyns dóti. Heimilistryggingar eru ódýrar og bæta tjón á innbúi vegna bruna, vatns og innbrots. Það kostar til dæmis bara 4.007 krónur á ári að tryggja þriggja milljón króna innbú.*

Ekki klikka á að tryggja dótið þitt, því hversu lítið sem þú átt er dýrt að missa aleiguna... over!

Á www.vis.is getur þú reiknað út hvers virði innbúið þitt er.

* Miðað við að bíll sé ábyrgðartryggður hjá VÍS. Sjá nánar í skilmálum félagsins.



THE CUT
MÁNUDAGA KL. 22.00

JENSEN & LEWACKI • P11



ÞAÐ ER HÆGARA SAGT EN GERT AÐ KOMAST INN Í HARÐAN
HEIM TÍSKUNNAR OG SIGURVEGARINN FÆR AÐ LAUNUM
AÐ HANNA NÝJA LÍNU HJÁ TOMMY HILFIGER

FYLGSTU MEÐ!



SIRKUS